

# Fornleifakönnun vegna áætlaðrar stofnlínulagnar í Borgarfirði



Ritstjóri: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Höfundar efnis: Ásta Hermannsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir  
og Kristborg Þórsdóttir



Fornleifastofnun Íslands  
FS384-08031  
Reykjavík 2008

© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033*  
*Fax: 551 1047*  
*Netfang: fsi@instarch.is*

*Forsíðumynd er af Engjaskurði (áveitugarði og skurði) í landi Lunda. Mannvirkin eru frá 19. öld.*

## Helstu niðurstöður

Úttekt á stofnlínulögn var gerð á 6-7 km löngum kafla og miðaðist úttektin við um 60 m breitt beltí. Lína var tekin út þar sem hún mun greinast frá þjóðvegi í landi eyðibýlisins Grófar, til norðvesturs um Deildartungu og Brekkukot, þá yfir Hvítá og svo áfram til norðvesturs um land Brúarreykja, Miðgarðs og Lunda, að Þverá. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Í tengslum við úttektina voru samtals skráðir 44 minjastaðir en eftir yfirferð gagna og kortlagningu var ljóst að fjórir þeirra reyndust ekki í neinni hættu vegna framkvæmdanna. Af þeim 40 stöðum sem voru í námunda við framkvæmdir voru:

- ✓ 27 staðir innan 30 m frá miðlínu áætlaðrar stofnlínu og voru því taldir í **stórhættu**.
- ✓ 13 staðir utan sjálfs áhrifasvæðisins en í minna en 70 m fjarlægð frá miðlínu og taldir í **hættu** af þeim sökum. Auðvelt ætti hins vegar að vera að komast hjá hnjaski á öllum stöðunum 13 með því að sýna sérstaka aðgát við framkvæmdirnar.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	5
2. Um mat á umhverfisáhrifum .....	7
3. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði .....	9
4. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda .....	33
Fornleifar á áhrifasvæðis stofnlínulagnar .....	34
5. Niðurlag .....	40
Mögulegar mótvægisáðgerðir .....	41
Heimildaskrá .....	43
Viðauki 1: Hnitaskrá á ISN93 formi .....	44
Viðauki 2: Kort 1-5 .....	46

# 1. Inngangur

Snemma árs 2008 fór Orkuveita Reykjavíkur þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðrar stofnlínulagnar í Borgarfirði. Sá hluti lagnarinnar sem var til úttektar nær frá Þjóðvegi í landi eyðibýlisins Grófar, til norðvesturs um Deildartungu og Brekkukot, yfir Hvítá og svo áfram til norðvesturs um land Brúarreykja, Miðgarðs og Lunda, að Þverá. Þessi hluti liggur um tún, mýrar og móa og er samtals 6-7 km langur (sjá kort 1).

Áður en hafist var handa við vettvangsúttekt var gerð s.k. svæðisskráning (heimildaúttekt) fyrir svæðið. Fornleifastofnun átti reyndar þegar slíka úttekt fyrir þann hluta svæðisins sem áður tilheyrði Reykholtisdalshreppi en unnin var skráning fyrir jarðir í Stafholtstungnahreppi.

Samtals eru þekktar 222 fornleifar innan landamerkja þeirra jarða sem komu við sögu í úttektinni. Langflestar þeirra reyndust hins vegar langt frá úttektarsvæði. Samtals voru skráðar 44 fornleifar við vettvangsúttekt en fjórar þeirra eru fjær áhrifasvæði línunnar en svo að þær teljist í hættu af hennar sökum. Af fornleifunum 40 sem skráðar voru í námunda við áætlaða stofnlínulögn reyndust 23 þeirra innan við 30 m frá miðlínu stofnlagnar og innan áhrifasvæðis hennar.

Úttektin sem gerð var að þessu sinni var s.k. deiliskráning sem felst í því að allt áhrifasvæði framkvæmda var gengið sérstaklega í leit að fornleifum auk þess sem mat var lagt á í hvaða hættu minjar í nágrenni línu væru sökum framkvæmda.

Áhrifasvæðið er skilgreint sem 60 m breitt belti og teljast allar fornleifar innan þess í *stórhættu* vegna framkvæmdanna þótt í mörgum tilfellum sé ljóst að auðvelt ætti að vera hægt að komast hjá raski. Að auki voru fornleifar innan við 70 m frá lögn taldar í einhverri *hættu* vegna framkvæmda vegna þess rasks sem gjarnan fylgir stærri framkvæmdum. Í öllum tilfellum ætti þó aðgát við framkvæmdir að tryggja að slíkum stöðum verði ekki raskað. Einstaka fornleifar voru skráðar í meira en 70 m fjarlægð en þær teljast hins vegar ekki í sérstakri hættu vegna framkvæmdanna en er þó getið hér til að minna á staðsetningu þeirra.

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu Fornleifastofnunar á nauðsynlegum gögnum við deiliskráningu<sup>1</sup> og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarefnis skilgreind, vettvangsrannsókn lýst, lagt

---

<sup>1</sup> Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegur um Mávahlíð*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurvegar og Útnesvegur sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997.

mat á áhrif framkvæmda. Heimildaúttekt var í höndum Orra Vésteinssonar og Sólveigar Beck Guðmundsdóttur. Elín Ósk Hreiðarsdóttir, fornleifafræðingur, stjórnaði vettvangsúttekt en hana unnu auk Elínar, Ásta Hermannsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. Elín sá um ritun skýrslu og kortagerð.

## 2. Um mat á umhverfisáhrifum

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein Þjóðminjalaga (nr. 107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“ Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er fornleifakönnunin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa (sbr. 9. gr. Þjóðminjalaga).

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við

framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. Þjóðminjalaga frá 2001 segir m.a.: „Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Við allar meiriháttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.“




### 3. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar sem eru nálægt áætlaðri stofnlínulögn. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir í grennd við framkvæmdarsvæðið á þeim jörðum sem koma við sögu þó að sumir þeirra séu utan áhrifasvæði framkvæmdanna. Aftast í skýrslunni er að finna loftmyndir þar sem stofnlína og minjastaðir eru sýndir.

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (EY, NP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Fyrir hverja jörð er jarðaspjald þar sem byrjað er á að gefa yfirlit um matsverð jarðarinnar, skiptingu hennar og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyrja. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-123:024).

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur,



Dæmi um hvernig skráning á dæmigerðum minjastað lítur út

sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk

Þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er reynt að mæla í miðju hvers minjastaðar. Áætlað er að frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis framkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér eru gefnar grunnupplýsingar um menningarminjar í námunda við framkvæmdasvæðið.

## BO-220 Deildartunga

60 hdr. 1708 en af því töldust 10 hdr til Tungukots, 8 hdr. til Kletts [BO-219] og 12 hdr til Brekkukots [BO-221]. Getið í Sturlungu og Grettis sögu. Bændaeign. Hálfkirkja var í Deildartungu. 1708 voru einnig Lambhagi og Litlatunga eyðihjáleigur. Tungukot lagðist aftur til heimajarðarinnar á 18. öld en Klettur og Bakkakot töldust lögbýli 1847. Skipt í tvö býli 1956 og fóru landaskipti fram 1973. Víðigerði garðyrkjubýli á 1 ha 1938. Tunguhlíð smábýli á 1 ha. Auk þess spilda kringum Deildartunguhver tekin eignarnámi af ríkisstjórn Íslands 1979.

1918: 121.531 m<sup>2</sup> = 38 dagsl. 1/7 smápýft. Garðar 868 m<sup>2</sup>. + Hamarsgeiri 42.251 m<sup>2</sup> = 13 1/3 dagsl + Húsátún 21.634 m<sup>2</sup> = 7 dagsl. Samtals 185.416 m<sup>2</sup> = 58 1/3 dagsl. "Landið er að mestu flatt nema austan til, þar sem eru holt, grónir melar, móar og mýrlendi, annars skiptast á mýri, mói og vallendi með stöku melaflákum ... veiðivon í Reykjadalssá og Hvítá." BB II, 310

### BO-220:006 heimild um túngarð

64°40.115N 21°24.854V

Garðlag er merkt inn á túnakort frá 1918 rétt ríflega 80 m suðvestan við bæ 001. Samkvæmt túnakortinu hefur það legið norðaustur-suðvestur og verið um 60 m langt. Engin ummerki sjást nú um garðinn á yfirborði en hann hefur legið frá suðausturhorni bakgarðs við íbúðarhús sem nú stendur í Deildartungu II og niður (SSV) túnið. Ekki er ólíklegt að garðurinn kunni að hafa verið leifar eldri túngarðs um Deildartungutún, áður en þau voru stækkuð. Má því vera að garður 009 og 010 hafi tengst þessum búi og jafnvel að allir garðbútarirnir hafi verið hluti af eldra túngarði í Deildartungu. Sléttuð tún í halla til suðvesturs.

Engar leifar garðsins er lengur að finna á yfirborði. Ef lega garðsins er áætluð af túnakorti mætti ætla að suðvesturendi þess garðbúts sem þar er sýndur hafi verið um 30 m norðan við miðlínu áætlaðrar stofnlínulagnar og því í jaðri áhrifsvæðis framkvæmdanna. Hins vegar má minna á að ólíklegt er annað en garðlagið hafi áður verið stærra og náð lengra til suðvesturs og þá inn á áhrifsvæði línulagnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

### BO-220:007 heimild um útihús

64°40.150N 21°25.045V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1918 um 160 m vestan við gamla bæinn 001 en um 95 m neðan (SSV) við suðausturhorn steinsteyprtar útihúsasamstæðu sem nú stendur vestarlega í túni í Deildartungu. Sléttuð tún er á þeim slóðum sem útihúsið hefur staðið. Þegar svæðið var skráð í maí 2008 var verið að plægja túnið.

Engin ummerki sjást lengur um húsið. Jón Björnsson, heimildamaður og ábúandi í Deildartungu benti á tvo staði þar sem hann taldi líklegt að tóftir eða þústir hefðu áður verið (sjá 039 og 047) á þessum slóðum en hvorugur þeirra kemur vel heim og saman við 007 samkvæmt túnakorti þó báðir þeirra séu í nágrenni þess. Túnakortið virðist frekar ónákvæmt og því er erfitt að fullyrða um nákvæma staðsetningu þessa húss. Af túnakorti frá 1918 að dæma virðist húsið þó vera 10-20 m ofan (norðan) við áætlaða miðlínu stofnlagnar og leynist einhverjar leifar hússins undir sverði teljast þær í mikilli hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918


### BO-220:008 Helgahesthús tóft hesthús

64°40.128N 21°25.114V

"Vestast og neðst [í túninu] hét Lambhústún; þar hefir líka verið byggð [eins og Tumatótt - 023]," segir í örnefnaskrá. Í Lambhústúni var tóft og um hana segir í annarri örnefnaskrá: "Helgahesthús er rúst, suðvestur á túni. Var vinnumannahesthús, byggt upp úr gömlu lambhúsi." Helgi sá er húsin voru kennd við var Jónsson og dó laust eftir miðja 20. öld (1957). Húsið er merkt inn á túnakort frá 1918 efst í aflöngu klettaholti. Samkvæmt túnakortinu ætti húsið og holtið að vera um 260 m suðvestan við gamla bæinn en í rauninni var húsið nokkru nær eða í 220-230 m fjarlægð. Virðist þó lítill vafi að átt er við umrætt hús en túnakortið er fremur ónákvæmt. Samkvæmt örnefnaskrá er mögulegt að búið hafi verið í



*Leifar Helgahesthúss, horft til NNA*



húsinu. Úr tóftinni hefur nú verið rutt að stærstum hluta en þó má enn vel greina hluta hennar. Hún er á aflöngu klettabelti sem snýr nálega norður-suður í sléttuðum túnunum.

Tóftinni hefur verið rutt út og er talsverð steinadreif austan við hana. Hún er nú um 11 X 5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Tóftin hefur verið tvískipt. Að sunnan hefur verið fremur langt og mjótt hólf og er vesturveggur þess sæmilega skýr en austurveggurinn óskýr. Nú má giska á að innanmál þessa hólfs sé 5 X 1-2 m. Norðan þessa hólfs hefur verið lítið hólf sem er nú mjög ógreinilegt og eru nokkrir stórir steinhnullungar á milli. Þar eru veggir að talsverðu leyti hrundir og grjót á víð og dreif. Undir lokin voru hænsni höfð í kofanum. Þær tóftaleifar sem nú sjást eru um 60 m sunnan (eða SSV) við miðlínu áætlaðrar stofnlínulagnar og því utan áhrifasvæði hennar. Minjarnar teljast hins vegar í einhverri hættu vegna umróts við framkvæmdirnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Deildartunga, 3, Ö-Deildartunga AV, 2 og Túnakort 1918

**BO-220:009** heimild um túngarð

64°40.117N 21°23.116V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt stutt garðlag suðvestast í túni og 220-230 m suðvestan við gamla bæinn 001. Garðlagið hefur samkvæmt túnakorti legið þvert yfir klettholt það sem Helgahesthústóft 008 er á. Samkvæmt túnakortinu var garðlagið um 30 m neðan við Helgahesthús. Engin ummerki sjást um það. Garðurinn kann að hafa verið hluti af túngarði um túnin í Deildartungu og í raun e.t.v. leifar sama garðs og 010 og 006 en erfitt er að fullyrða nokkuð um það. Umhverfis klöppina eru sléttuð tún.

Engar leifar garðlags sjást á þessum slóðum. Lega garðsins hefur verið nokkuð sérstök, beint yfir holtið. Af túnakortinu að dæma kann norðausturendi garðlagsins að hafa verið um 60 m sunna við áætlaða miðlínu stofnlagnar og er garðbúturinn því alveg utan áhrifasvæðis framkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-220:010** heimild um túngarð

64°40.219N 21°25.071V

Garðlag er merkt inn á túnakort frá 1918 vestast í túni. Það myndar gleitt horn á milli Náthaga sem merktur er norðvestast í túni og norðausturhorns Gróðrarstöðvar sem merkt er inn í suðvesturhorni (sjá 037). Framhald garðlagsins má hins vegar greina norðar sem hrygg í túninu en sá hluti er ekki merktur inn á túnakortið. Líklegast er að garðbúturinn sé leifar túngarðs frá þeim tíma sem túnin í Deildartungu voru minni en síðar varð. Ef sú er raunin kann þetta garðlag að hafa tengst 006 og eða 009.

Garðlagið sést vel í sléttuðum túnunum ofan (norðan) heimreiðar, þá sem sléttuður hryggur. Áður var það einnig greinilegt neðan heimreiðar en sá hryggur hvarf þegar malarplan

var gert á þeim slóðum, vestan við útihúsamstæðu. Ekki er hægt að greina garðlagið í túnunum neðan við heimreið þar sem áætluð stofnlögn mun liggja.

Samkvæmt túnakorti var garðlagið um 200 m langt. Af því að dæmi virðist það hafa myndað hól með túngirðingu vestar og hefur það verið 170 x 70-80 m að stærð og snúið norður-suður. Þegar minjar voru skráðar á vettvangi og hryggurinn í túninu norðan við heimreið er skoðaður í samhengi við þær virðist hins vegar líklegt að garðurinn, a.m.k. norðurhluti hans hafi verið partur af eldri túngarði fremur en hann hafi einfaldlega verið byggður sem hól við túngirðingu. Garðurinn sést ekki þar sem áætlað er að stofnlínulögn muni liggja ef lega hans er metin frá túnakorti má ætla að lögnin skeri garðstæðið og teljast hverjar þær leifar sem kunna að leynast undir sverði í stórhættu sökum þessa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Túnakort 1918

**BO-220:023** *Tumatótt* tóft bústaður 64°40.074N 21°24.938V

"Neðst í túninu austast er gamall kofi, Tumatótt; þar mun hafa verið einsetukofi," segir í örnefnaskrá. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar Tumatótt var. Hún var þó neðarlega (sunnarlega) í túninu niður (þ.e. suður) af gamla bænum. Þegar faðir Jóns Björnssonar, bónda í Deildartungu, var að slétta tún á þessum slóðum á 7. áratug 20. aldar kom hann niður á grjóthleðslur og annað umrót í túninu og giskaði á að það væri Tumatótt. Á þessum slóðum eru sléttuð tún í halla til suðvesturs.

Ekki er hægt að staðsetja Tumatóft nákvæmlega en þó er ekki ólíklegt að hún kunni að hafa verið stutt sunnan við áætlaða stofnlínulögn. Leynist einhverjar leifar undir sverði teljast þær því í hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Ö-Deildartunga, 3

**BO-220:024** frásögn fjárhús 64°40.069N 21°24.796V

Fjárhús úr torfi, grjóti og steypu voru reist á tímabilinu 1920-1930 neðst (syðst) í túni Deildartungu. Þau voru um 140 m sunnan við suðausturhorn íbúðarhúss í Deildartungu.

Húsin voru neðst í túni þar sem nú er í raun grasi gróinn mói (hestahólf). Húsin hafa alveg verið jöfnuð við jörðu en örlítill hæð er á þeim slóðum sem þau stóðu.

Ekki eru liðin 100 ár frá því húsin voru reist og teljast þau því ekki fornleif samkvæmt skilningi laganna. Þau voru þó byggð að gamalli byggingarhefð og að hluta úr torfi- og grjóti og eru því skráð. Úr húsunum var rutt árið 1988 og aftur sléttuð yfir svæðið nýlega. Hús þessi voru aldrei fullbyggð samkvæmt Jóni Björnssyni bónda og taldi hann ástæðuna þá að nokkuð deiglent er á þessum slóðum og því er þetta ekki hentugur staður fyrir hús. Byggingarlag hússins var nokkuð sérstakt. Hlaða var byggð í miðjunni og var áætlað að byggja fjárhús beggja vegna við hana. Nyrðra fjárhúsið var hins vegar aldrei byggð. Húsið hefur verið 20-30 m suðvestan við áætlaða miðlínu stofnlagnar og þær minjar sem kunna að leynast undir sverði því í hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-220:027** *Tungukot* heimild um býli 64°40.132N 21°25.150V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir: "Tungukot, hjáeiga lengi í byggð. Dýrleiki x c af heimajörðunni ... Landskuld lxxx álnir." Í Bygðum Borgarfjarðar segir um sama bæ: "1860 var reistur á þessum stað bæ yfir Deildartunguhjón, Jón Jónsson og Helgu Jónsdóttur, er þau höfðu sýkst af holdsveiki. Samkvæmt Jóni Björnssyni, bónda var býlið um 250 m VSV við bæ 001 en gróflega áætlað um 30 m VNV við Helgahesthús 008. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar kotið var en þegar Jón Björnsson, heimildamaður sléttaði tún á þessum slóðum kom hann niður á móðuskulög á tveimur stöðum í nágrenninu.

Örlítill hæð er í túninu vestan við 008 og gæti hún mögulega gefið vísbendingu um staðsetningu býlisins. Annars er svæðið rennislétt og erfitt að staðsetja kotið nákvæmlega. Líklegasta staðsetningin er þó 60-70 m SSV við áætlaða línulögn og utan áhrifasvæðis hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**JÁM IV, 237; BB II, 353

**BO-220:037**

64°40.137N 21°25.221V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt "Gróðrarstöð" í suðvesturhorni túna um 300 m suðvestan við gamla bæinn 001. Um þennan stað segir í örnefnaskrá: "Gróðrarstöð er vestur af Lambhústúni. Sá blettur var ræktaður að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands, milli 1910 og 1920. Átti að vera sýnisreitir," Samkvæmt Jóni Björnssyni bónda var danskur sérfræðingur í ræktunarmálum að aðstoða Búnaðarsambandið við að velja reiti til ræktunar. Gróðrarstöðin í Deildartungu komst hins vegar aldrei á fót þar sem svæðið hentaði illa til ræktunar. Þar voru sáðsléttur en líklega var svæðið aldrei girt af með garðlagi heldur bara girðingu. Engin ummerki sjást á þessum slóðum nú. Sléttuð tún eru nú þar sem Gróðrarstöðin var.

Gróðrarstöðin var 100 X 100 m stórt svæði. Engin ummerki sjást um hana lengur. Í miðju túni má hins vegar sjá ljósleita rák eða hrygg sem liggur ASA-VNV í 80 m og hugsanlega jafnvel lengra til ASA en mörk gróðrarstöðvar (þá samtals um 100 m). Jón Björnsson bóndi kannast ekki við að nokkurt mannvirki hafi verið á þessum stað og er ekkert hægt að fullyrða um hvers eðlis þessi ummerki eru. Áætluð stofnlínulögn liggur 25-30 m norðaustan við norðausturhorn Gróðrarstöðvar og er svæðið því í hættu. Rétt er að geta reiturinn var útbúin milli 1910-1918 og hann telst því ekki til fornleifa í laganna skilningi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Túnakort 1918 og Ö-Deildartunga AV, 4

**BO-220:038**

64°40.209N 21°25.056V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt lokræsi nálega þar sem nú stendur útihúsasamstæða. Samkvæmt túnakorti var þetta um 150 m VNV við gamla bæinn 001 en er í raun nær eða 120-130 m. Á þessum stað var ræsi og beðasléttur samkvæmt Jóni Björnssyni, heimildamanni en þær hurfu við byggingu útihúsanna. Stór, steinsteypt bygging er nú þar sem ræsið og beðasléttur voru.

Ekkert sést til fornleifa. Áætluð miðlína stofnlagnar er um 80 m SSV við svæðið þar sem ræsið var og því er það utan áhrifasvæðis hennar. Hins vegar má ætla að bygging útihúsasamstæðu hafi þegar eyðilagt allar eldri mannvistarleifar á svæðinu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Túnakort 1918

**BO-220:039** frásögn útihús

64°40.172N 21°25.055V

Jón Björnsson bóndi í Deildartungu benti á blett þar sem hugsanlega hafa verið tóftir á fyrri tímum. Svæðið er 180-190 m VNV við núverandi íbúðarhús í Deildartungu II en rúmum 60 m sunnan við útihúsasamstæðu sem er vestarlega í túninu. Í sléttuðum tímum í halla til suðurs. Svæðið sker sig úr túninu þar sem grasvöxtur þar er öðruvísi og ljósari en umhverfis.

Á þessum stað er um 1,5 m há hæð í túninu. Á henni er öðruvísi gróður en umhverfis og á stöku stað er rof í grasbreiðuna, einstaka steinar sjást í sverði. Lítið er hægt að fullyrða um staðinn en ekki er ólíklegt að undir sverði kunni að leynast mannvistarleifar. Staðurinn er 25-30 m norðan við miðlínu áætlaðrar stofnlagnar og því í hættu af þeim sökum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**BO-220:040**

65°40.139N 21°25.035V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt lokræsi og skurður við suðausturenda hans. Mannvirkin voru um 10 m suðaustan við útihús 007 en um 150 m suðvestan við gamla bæinn 001. Engin ummerki sjást lengur um ræsið eða skurðinn. Á þessum slóð eru sléttuð tún í halla til suðurs og voru túnin nýplægð þegar svæðið var skráð.

Samkvæmt túnakortinu var skurðurinn samtals um 100 m langur en ræsið um 20 m á kant. Skurðurinn var á merkjum mýra og túna eins og skurður 031. Erfitt er að staðsetja mannvirkin nákvæmlega en ef miðað er við túnakortið frá 1918 mætti ætla að miðlína stofnlínulagnar liggja þvert yfir svæðið þar sem mannvirkin voru. Ekki er að vænta mikilla mannvirkja undir sverði enda túnið margplægt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Túnakort 1918

**BO-220:041** renna

64°60.082N 21°24.974V

Tveir skurðir eru merktir inn á túnakort frá 1918 um 170 m SSV við gamla bæinn 001 (sjá einnig 042). Skurðirnir voru suðvestarlega í túni. Annar þeirra sést enn og nær útfyrir (suður fyrir) núverandi tún. Skurðurinn liggur að hluta til í gegnum sléttuð tún og að hluta neðan (sunnan) túna í móa og þýfðu mýrlendi. Rétt norðvestur af skurðinum er nýrri skurður nokkurn vegin samsíða.



*Skurðurinn, horft til norðvesturs*

Á túnakorti eru sýndir tveir skurðir með stuttu millibili og er sá norðvestari enn greinilegur (en upplýsingar um hinn eru skráðar undir númeri 042). Skurðurinn sem sést liggur nálega norður-suður. Hann um 1 m djúpur og 0,8 m breiður en breikkar og grynnist verulega þegar komið er út fyrir núverandi tún og er mest 1,4 m á breidd. Á túnakortinu eru bara sýndir þeir 20-30 m sem voru innan túns en skurðinn 40-50 m til viðbótar hafa verið neðan túns og skurðurinn því samtals um eða yfir 70 m langur. Á túnakortinu frá 1918 sést hinn skurðurinn (sá norðvestari sjá 042) um 20 m vestur af norðvesturenda þess skurðar sem sést. Sá skurður er nú alveg horfinn í tún. Skurðirnir hafa verið á mörkum mýra og túna líkt og 039. Skurðendinn sem sést er um 70 m sunnan við áætlaða miðlínu stofnlagnar og því utan framkvæmdasvæðis þó hann kunnir að teljast í einhverri hættu vegna mögulegs umröts vegna framkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Túnakort 1918

**BO-220:042**

64°40.076N 21°24.023V

Skurður er merktur inn á túnakort frá 1918 um 100 m neðan (sunnan) við gamla bæinn 001 og hefur hann legið norður-suður tún og út um túnjaðar. Engin ummerki sjást um skurðinn lengur en nýir skurðir hafa verið grafnir í sléttuðum túnunum.

Ekki sjást ummerki um eldri skurð en skil eru á milli túnskika þar sem hann var áður. Áætla má að miðlína stofnlagnar muni leggja yfir gamla skurðstæðið, þar sem nú eru sléttuð tún.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Túnakort 1918

**BO-220:043** varða landamerki

64°40.343N 21°26.194V

Varða er um 1,1 km norðvestan við bæ 001, suðvestan við Peningsskarð. Hún er nálægt merkjum Deildartungu og Brekkukots og er líklega merkjavarða. Varðan er ekki sérstaklega fornleg. Nú hafa merkin verið færð svolítið þannig að varðan er ekki lengur á merkjum. Varðan stendur á klettaholti sem er gróið grasi og mosa. Víða sést þó í bera klöpp. Klapparholtið snýr NNA-SSV.



*Varðan, horft til norðvesturs*

Varðan er hlaðin upp á stórum steini og er stendur því nokkuð hátt. Hún er á brún klettaholtsins og sést vel að. Varðan sjálf er tæplega 1 m á hæð en ef steinninn undir er meðtalin nær varðan um 2 m hæð. Hún er köntuð og um 1 m á kant. Varðan er sámlaga hlaðin neðst en hleðslan verður losaralegri eftir því sem ofar dregur. Frá vörðunni liggur steinaröð, sem suðaustar breytist í garðstubb (sjá

044). Varðan er 35-40 m sunnan við áætlaða miðlínu stofnlagnar og því utan áhrifasvæðis þó hún megi teljast í einhverri hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-220:044** garðlag landamerki

64°40.342N 21°26.175V



*Leifar af hleðslunni. Mynd til vinstri er tekin vestast en sú til hægri er tekin af austasta hluta hleðslu.*

Frá vörðu 043 liggur steinaröð til suðausturs og hún líklega markað landamerki þó að merki hafi nú verið færð svolítið frá þessum stað.

Suðaustar og neðan við klettabeltið breytist steinaröðin í gróinn garð sem má greina á stuttum kafla. Garðurinn er

nálægt merkjum milli Deildartungu og Brekkukots. Hann er um 1050 m norðvestan við gamla bæinn 001. Garðurinn liggur frá vörðu 043 á klettaholti sem er gróið grasi og mosa. Víða sést þó í bera klöpp. Klapparholtið snýr NNA-SSV.

Hleðslan liggur frá vörðu til austurs. Leifar má samtals greina á um 67 m löngum kafla en nokkuð slitrótt. Vestast eru leifarnar 1-2 raðir af steinum, líklega einungis hlaðnir undir girðingu. Um 15 m frá vörðu liggur 3 m löng hleðsla til norðurs frá garðlaginu. Sú hleðsla er mjög tröllsleg og samanstendur af nokkrum afarstórum steinhnullungum sem raðað hefur verið í röð. Allra neðst, þar sem klettabeltinu sleppir má aftur greina hleðsluna eftir nokkuð bil og er hún þar um 13 m löng. Sá hluti er grasi gróin og mætti e.t.v. kalla hann verulegasta hluta hleðslunnar. Líklegast verður að telja að ummerkin séu ekki mjög forn og hugsanlega undirstaða undir girðingu. Garðhleðslan er nærri því að vera á merkjum og líklega hlaðin til að marka landamerki á einhvern hátt. Girðing var á garðinum, a.m.k. á kafla áður en er horfin. Hleðslan liggur næst áætlaðri miðlínu stofnlagnar austast og er þar 30 m sunnan við línuna og því í jaðri áhrifasvæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**BO-220:045** garðlag hlutverk óþekkt  
Óljós dæld sem virðist manngerð liggur niður túnið í Deildartungu, frá hliði á túngarði 046, við suðvesturhorn trjáreits. Dældin liggur norður-suður og er sjálf grasi gróin og fagurgræn en hryggurinn (uppkastið eða mögulegt garðlag) er þýft og minna gróið.

Dældin snýr nálega norður-suður og er um 45 m löng. Mikill hryggur er vestan dældar. Minni, ógreinilegri og slitróttari hryggur er austan dældar. Þessi ummerki eru ekki beint í línu heldur kræklótt. Ofan á vestari hrygg/garði virðist hafa verið gengið þar sem dæld er í toppinn. Samkvæmt Jóni Björnssyni bónda voru kýrnar reknar í hagann á þessum slóðum og má að ummerkin séu einungis tilkomin vegna þess og taldi hann að hryggurinn væri náttúrulegt en gróið klettabelti. Ummerkin gætu hins vegar allt eins talist vísbendingar um mannaverk og þar sem ekki er hægt að skera úr um það með óyggjandi hætti var staðurinn skráður. Miðlína áætlaðrar stofnlínu mun skera dæld og hrygg og telst staðurinn því í mikilli hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-220:046** garðlag túngarður  
Garður liggur meðfram gamla túninu (sjá túnakort) að sunnan- og austanverðu. Sunnan við bæ endar garðurinn við túnrækt niður undan útihúsum, litlu vestan við skurð 041. Norðan við bæ endar garðurinn þar sem hann hefur beygt til norðvesturs meðfram þjóðvegi. Neðst í túninu liggur einnig hryggur í túninu til norðurs í um 120 m sem líklega hefur verið hluti af túngarðinum. Garðurinn er líklega fremur ungur og er byggður eftir að tún voru stækkuð. Mögulegt er að hann hafi aðallega verið hugsaður sem undirstaða undir girðingu á svipuðum slóðum. Hún er þó horfinn nú en eftir stendur garðurinn sem er á mörkum ræktaðs lands og smáþýfðs mýrarmóa. Á 120 m kafla frá afleggjara að bæ til suðurs er garðurinn í vesturjaðri skógræktar og sést af þeim sökum ekki vel þar. Garðurinn er mosagróinn og í skógræktinni vaxa á honum tré.

Garðlögin ná samtals yfir svæði sem er 220 X 270 m stórt á kafla virðist hann liggja þar sem mörk túns eru sýnd 1918 en annars staðar er hann innan túnamarka samkvæmt túnakortinu. Kortið er þó of ónákvæmt til að hægt sé að treysta mjög mikið á nákvæmni þess og líklega hefur garðurinn verið á merkjum túna eins og þau voru um 1918. Sunnan við bæ liggur túngarður austur-vestur og fjarar út í vesturendanum milli skurðar 041 og yngri skurðar þar vestan við. Í garðinum sést grjót og hann er gróinn. Efni í garðinn getur hafa verið tekið sunnan við garðinn á þessum kafla en þar er sýnileg rás og þar er hærra niður af honum en norðan við hann. Garðurinn er vel sýnilegur en rof eru á honum á nokkrum stöðum. Austarlega frá suðurhliðinni gengur hryggur til norðurs upp túnið í um 120 m og hefur hann líklega verið hluti af túngarðinum. Á garðinum er girðing þar til kemur að skógrækt. Í austurenda þessa hlutar garðsins er hann óljós og grasi vaxinn. Garðurinn beygir til norðausturs niður undan skógrækt og stefnir í suðvesturhorn hennar og heldur svo áfram í gegnum hana, að afleggjara

64°40.072N 21°24.726V



*Dældin og hryggurinn vestan við hana. Horft til norðurs.*



*Túngarðurinn, horft til vesturs*

64°40.059N 21°24.781V

heim að bæ og svo áfram með túni að þjóðvegi. Hugsanlega hafa fleiri armar garðlaga verið í skógræktinni en erfitt er að dæma um það nú vegna gróðurs. Um 50 m í suðvestur frá skógrækt er hitaveitulögn að bænum og undir henni er hleðsla. Túngarðurinn liggur yfir þessa hleðslu og getur það gefið til kynna aldur hans, a.m.k. þessa hluta. Þar sem garðurinn liggur upp í skógræktina er veglegt járnhlið með steiptum stólpum. Eftir því sem norðar dregur í skógræktinni verður garðurinn signari og víða sést í grjót. Garðurinn liggur að steiptum hliðstólpa við afleggjara að bæ og heldur svo áfram hinum megin við afleggjarann þar sem garðurinn endar við þjóðveg. Eins og áður segir er a.m.k. hluti þessara garðlaga fremur ungir en þau kunna þó að vera eldri á köflum eða að stofni til og vel er mögulegt að þessi garðlög hafi tengst öðrum fornlegri en garðurinn var ekki rakinn langt út fyrir áhrifasvæðið. Áætluð miðlína stofnlagnar mun skera tvo arma garðsins og er hann í hættu af þeim sökum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-220:047** frásögn heygarður 64°40.160N 21°25.080V

Samkvæmt Jóni Björnssyni, heimildamanni, var tóft, líklega heygarður, áður á hól um 180 m vestan við gamla bæinn 001 en um 90 m neðan við steinsteypa útihúsasamstæðu sem er vestast í túninu. Girðing liggur nú yfir hóllinn og er trjávöxtur vestan hans en austurhlutinn er sléttuð tún. Eyða er þó í trjábeltið þar sem heytóftin var en ummerki þeirra sjást ekki lengur.

Tóftin var nálægt þeim stað sem miðlína stofnlagnar mun liggja og leynist mannvistarleifar undir sverði þá eru þær í stórhættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-220:048** þúst hlutverk óþekkt 64°40.215N 21°25.144V

Ekki er ólíklegt að einhverjar mannvistarleifar leynist í túninu vestur af útihúsasamstæðu vestarlega í túni. Bletturinn er afmarkaður af heimreið að norðan og vestan en af plani vestan við útihúsasamstæðu að austan. Engin augljós ummerki sjást á yfirborði en hryggir sem gætu bent til garðlaga sjást á tveimur stöðum og auk þess er þúst þar sem mögulega gætu verið tóftaleifar undir sverði á milli. Umhverfis eru sléttuð tún í halla til suðvesturs.

Ekkert er hægt að fullyrða um mannvistarleifar á þessum slóðum en ójöfnur í túni benda þó fremur til að þar leynist mannvistarlög undir sverði á svæði sem er a.m.k. 100 x 65



*Þústin, horft til ASA*

m stórt. Vestari hrygginn má fyrst greina örfáum metrum suðvestan við þar sem heimreið greinist í tvennt. Hryggurinn liggur NNA-SSV og er samtals tæplega 100 m langur en afar ógreinilegur og vart merkjanlegur. Annan, enn óljósari hrygg má greina á 20 m kafla, í nálega sömu stefnu en um 60 m austan við þann fyrrnefnda. Báðir þessir hryggir fjara út neðarlega í túninu, um

svipað bil og örfáum metrum norðan við þar sem áætluð er miðlína stofnlagnar. Þriðja vísbendingu um mannvistarlög undir sverði er nokkru norðar í túninu eða um 30 m austan við vestari hrygginn. Það er þúst sem stendur talsvert hærra en túnið. Hún er 24 X 16 m stór og mest 0,3-0,4 m á hæð. Hún er fast vestan við girðingu sem girðir af plan við útihúsasamstæðu. Þústin er um 80 m NNA við áætlað stofnlínu og því utan áhrifasvæðis hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## BO-221 Brekkukot


12 hdr. 1708 og var þá hjáleiga frá Deildartungu og hafði verið lengi. Talin lögbýli 1847  
1918: 34.074 m<sup>2</sup> = 10 2/3 dagsl. 1/4 þýft. Garðar 478 m<sup>2</sup>. + húsatún 5143 m<sup>2</sup> = 1 2/3 dagsl.  
"Bærinn stendur suðvestan undir lítt grónum melabungum, sem ná yfir mestallan austurhluta jarðarinnar. Melarnir vestan þjóðvegur, þar sem bærinn stendur hafa verið græddir upp. Annars er land jarðarinnar að mestu jafnlendar mýri, sem ræstar hafa verið fram, með holtum og vallendis- og móateygingum inn á milli og eyrar með Hvítá ... Silungsveiði í net er í Hvítá." BB II, 307

**BO-221:007** tóft beitarhús

64°40.371N 21°26.430V

"Tröllakirkja [010] er móts við syðsta endann á Vörðuás [009], í Húsatúni. Þar voru áður beitarhús, nú rústir," segir í örnefnaskrá. Á sama stað eru merkt útihús inn á túnakort frá 1918. Beitarhúsin eru fast VSV við Tröllakirkju 010 en tæpum 900 m suðvestan við íbúðarhúsið í Brekkukoti. Beitarhúsin eru á hæð en umhverfis eru sléttuð og framræst tún sem enn eru slegin. Tröllakirkja eru tveir áberandi klettur austast á sömu hæð.

Tóftin er 20 X 16 m stór og snýr ANA-VSV. Hún skiptist í 4 hólf að norðan en eitt tvískipt hólf að sunnan. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru hleðslur stæðilegastar að austan þar sem tóftin er í skjóli við Tröllakirkju. Þar ná veggir mest 1,5 m hæð en vestar eru hleðslur mun signari og hrundari og víða aðeins 0,2-0,3 m á hæð. Nú verða hólfum tóftarinnar lýst og fær hvert þeirra bókstaf til aðgreiningar. Í raun má skipta húsunum í tvennt að norðan eru þrjú stór fjárhús (B, C og D) og allra austast lítið hólf (A) að auki en að sunnan (að baki) er aflangt hólf sem líklega hefur verið skipt í tvennt (E og F) og hafa verið hlöður eða heystæði. Allra nyrst og austast í tóftinni er lítið hólf A. Það er 2,5 X 1 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólfid er opið til norðurs og stendur einna best hólfanna (mest 1,5 m hátt).



Vestan við þetta hólf sem öll hafa verið fjárhús og eru áþekkt. Þau snúa öll NNV-SSA, eru h.u.b. 5-6 X 3 m að innanmáli og gengur garði eftir þeim öllum í miðju. Öll eru hólfín með tvö op, annars vegar inn í hlöðu á miðjum suðausturvegg en hins vegar á útvegg (þ.e. á miðjum norðvesturvegg. Grjóthleðslur sjást víða í veggjum og gördum en þó er tóftin



*Beitarhúsin, horft til VSV.*

hrundari, grónari og signari eftir því sem vestar dregur. Að baki (sunnan) eru hlaða/heyttóft. Hún skiptist í tvö hólf. Vestast er hólf E sem er um 2 m á kannt. Inn í að er innangengt úr fjárhúsi D. Op er einnig yfir í stærri hlöðuna/heyttóftina norðarlega á austurvegg hólfs E. Hólf F er 7-8 X 2-3 m stórt og snýr ANA-VSV. Innangengt er úr því úr fjárhúsum C og D og eins og áður segir yfir í E. Áætluð stofnlögn mun liggja alveg við tóftina, líklega um 5 m norðaustar og því telst tóftin í mikilli hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekkukot AV, 1. Túnakort 1918 (II)

**BO-221:010** *Tröllakirkja* heimild um huldufólksbústað 64°40.373N 21°26.418V

"Tröllakirkja er austan við Vörðuás [009] það eru tveir stakir klettur. Þykir þar vera huldufólksbústaður, og strokkljóð þaðan daglegur viðburður," segir í örnefnaskrá. Tröllakirkja er í Húsatúni (sjá 007). Þar eru tveir áberandi klettur og ber annan nokkuð herra. Hann er fast ANA við beitarhúsin og mun vera sá sem oftast er nefndur Tröllakirkja þó að nafnið sé stundum notað yfir báða klettana. Grónar klettaborgir sem rísa upp úr hæð í sléttuðum tünnum.



*Tröllakirkja, horft til austurs*

Austari kletturinn er mun lægri. Hann er um 7 m í þvermál en 3-4 m á hæð. Sá vestari er um 5 m vestar og er 5-6 m á hæð þar sem hann ber hæst. Hann er um 9 m í þvermál. Gott útsýni er af stærri klettinum í allar áttir og auðvelt að klífa hann. Það kann að vera ástæða þess að beitarhúsin 007 voru byggð svo nærri honum, þ.e. hann auðveldaði eftirlit með skepnum. Móðir Ólafar Guðmundsdóttur, heimildamanns taldi að mikið af huldufólki byggi í klettunum og voru börn eindregið vörud við því að vera með mikil læti eða kasta steinum í námunda við Tröllakirkjuna. Áætluð

stofnlínulögn mun liggja um 5 m norðan við stærri klettinn en í norðurjaðri þess minni og er staðurinn í mikilli hættu vegna þessa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Brekkukot, 1

**BO-221:012** *Peningsskarð* þjóðsaga 64°40.366N 21°26.112V

Bæjarás er næsti ás austan við Vörðuás 010 "neðst í honum er Peningsskarð, þar á að vera grafinn sjóvettlingur fullur af peningum," segir í örnefnaskrá. Skarðið er við landamerki Brekkukots og Deildartungu og er um 660 m í VSV frá núverandi íbúðarhúsi í Brekkukoti. Það er um 420 m SSA við vörðu á Vörðuási 010. Peningsskarð er á milli tveggja klapparholta. Það er skarð eða dæld sem liggur í norðvestur-suðaustur. Í skarðinu er nær samfelldur flagmói með mosa hér og hvar og smáu grjóti. Í skarðinu sjást engin mannaverk. Áætluð stofnlínulögn mun liggja um skarðið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekkukot, 2

**BO-221:016** vegur leið

64°40.412N 21°26.529V

Leið í beitarhús 007 lá áður meðfram Vörðuási 010 norðvestanverðum í mýrinni en beygir yfir suðaustur yfir ásinn þegar komið var til móts við beitarhúsin. Þessi leið var notuð fram eftir 20. öld og var á síðari árum farin á vélknúnum farartækjum. Leiðin liggur í smáþýfðri sinuvaxinni og blautri mýri. Þar sem leiðin fer upp og yfir ásinn er farið yfir holmóa (um 5 m breiðan) áður en komið er á ásinn sem er grasi gróinn og mosavaxinn.



*Upphlaðni hluti vegarins, horft til SV*

Leiðin var farin á vélknúnum ökutækjum frá Brekkukoti í Húsatún en oft reyndist erfitt að fara hana vegna bleytu í mýrinni. Í mýrinni er leiðin óskýr en þó

mótar fyrir slóða á köflum. Þar sem leiðin liggur yfir Vörðuás er hún fremur ógreinileg en þar sem ásnúnum sleppir tekur við upphlaðinn kafli. Á ásnúnum er lítil varða um 20 m frá leiðinni sem líklega hefur verið hlaðin í tengslum við hana. Hún virðist ekki mjög forn. Varðan er um 50 m norðan við áætlaða stofnlínulögn. Leiðin hefur legið alla leið að beitarhúsunum og því mun áætluð stofnlínulögn skera hana. Engin merki götunnar sjást hins vegar lengur á þeim slóðum þar sem stofnlína liggur þar sem hún hverfur áður í sléttuð tún. Sá kafli leiðarinnar sem er hvað mest áberandi nær til norðvesturs frá skurði í Húsatúni. Þetta er um 40 m langur kafli sem er 3 m breið og eru skurðir við báðar upphleðslunnar sem grafnir hafa verið til ræsingar og efnið úr þeim notað í upphleðsluna. Ógreinileg hjólför sjást í upphleðslunni. Hún liggur milli Vörðuáss og Húsatúns og við Húsatún endar hún í skurðruðningi. Hleðslan liggur í SA-NV. Óvíst er hversu gömul hún er. Hún er að líkindum gerð úr grjóti og jarðvegi eða torfi. Þar sem upphleðslan hverfur er hún næst stofnlínu, um 20 m norðan hennar og því í hættu af hennar sökum. Þau ummerki leiðarinnar sem sjást á yfirborði eru líklegast fremur ung þó ætla megi að gatan hafi verið notuð um langt skeið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO221:018** náma mógrafir

64°40.552N 21°27.788V

Ógreinilegar mógrafir eru á bökkum Hvítár 1800-1900 m vestan við núverandi íbúðarhús í Brekkukoti. Grafirnar eru um 50 m suðaustan við Hvítá. Mógrafirnar eru í þýfðum mýrarmóa suðvestan við sléttari árbakka. Kindagötur skilja að móa og árbakka. Móinn er vaxinn sinu og það eru mógrafirnar einnig en í vestur- og norðvesturhluta þeirra er meiri engjagróður. Tvær litlir lækir renna til NA úr mógröfunum í ána.



*Mógrafir, horft til austurs*

Mógrafir eru þar sem hár bakki er í landinu og markar hann suðvesturhlíð þeirra. Skýrast hluti mógrafanna er vestast og er hann 45 X 20 m stór og er 50-60 m frá miðlínu ráðgerðrar stofnlínulagnar. Í NV-horninu er dýpst (10x10m) og þar hefur safnast fyrir vatn. Erfitt er að greina framhald grafanna til norðausturs á vettvangi en af loftmynd að dæma gætu þær hafa náð talsvert lengra til norðausturs og hugsanlega verið allt að 100 m á lengd. Áætluð stofnlínulögn liggur yfir þetta stærra svæði norðaustarlega.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-221:019** þúst hlutverk óþekkt


64°40.445N 21°26.810V

Ógreinileg þúst er í mýrinni norðvestan við Vörðuás. Hún er um 140 m frá ásnum. Raflína liggur yfir mýrina og er raflínustaur um 40 m norðan við þústina. Um er að ræða lága hæð eða þúst og á henni er greinileg lítil vegg- eða garðhleðsla. Umhverfis er mýri en sunnan og austan við hana eru ásar sem standa vel upp úr henni. Hæðin er vaxin grasi og eru steinar á henni á víð og dreif. Hún sker sig úr umhverfinu.

Hleðslan er í sunnanverðri hæð sem stendur



*Þústin, horft til suðurs*



8 m stór en aðeins er hægt að sjá einn sáemilega greinilegan veggstúf á henni. Hann er um 2,5 m á lengd, um 1,5 m á breidd og um 0,5 m hár. Veggurinn virðist grjóthlaðinn en er siginn og nokkuð hefur hrunið úr honum. Hann er gras- og mosagróin. Ekki er ljóst hvaða í hvaða tilgangi mannvirki voru byggð á þessum stað en mögulegt að þarna hafi verið hey- eða móstæði. Þústin er um 60 m NNA við miðlínu áætlaðrar kaldavatslagnar og er því utan áhrifasvæðis hennar en gæti þó talist í hættu vegna umróts við framkvæmdir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

örlítið upp úr mýrinni. Hæðin er 12 X


**BO221:020** tóft hlutverk óþekkt

64°40.391N 21°26.255V

Lítill, tvískipt tóft er norðan í litlum klapparhóli, um 120 m NV við Peningsskarð 012. Frá henni eru um 130 m í VSV að Tröllakirkju 010 í Húsatúni. Tóftin er byggð við Klapparhól. Tóftin er um 740 m VSV við núverandi íbúðarhús í Brekkukoti. Suðausturhlið tóftar er byggð við klapparhól en norðvestan við tóftina er þýfi á mjóu belt og svo tekur við djúpur og breiður skurður við tún sem stendur næst Húsatúni. Tóftin er vaxin mosa og sinu og sams konar gróðurfar er í kringum hana.



*Tóftin, horft til suðurs*



Tóftin er 7 X 3 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Það hólf sem er í suðvesturenda hennar, A, er 1 X 3 m að innanmáli og er mun skýrara en hólf B sem er vel greinilegt en gróið. Hólf B er stærra eða 3 X 2 m að stærð. Mikið af grjóti hefur fallin úr veggjum og inn í hólf A og eru hleðslur almennt signar. Milli hólfanna tveggja er 1m breiður veggur. Klöppin sem tóftin stendur við hefur verið notuð sem suðausturhlið að miklu leyti.

Fjarlægð frá bæ, staðsetning og útlit tóftar gæti bent til að hún væri af stekki. Samkvæmt örnefnalýsingu átti stekkur hins vegar að vera við enda Vörðuholts til vestur frá beitarhúsum 007 og passar það ekki við þessa staðsetningu. Tóftin er um 45 m norðan við áætlaða stofnlínu og því utan áhrifasvæðis hennar en gæti samt talist í einhverri hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-221:021** brunnur

64°40.369N 21°26.375V

Brunnurinn var í Húsatúni og var notaður í beitarhúsum 007. Hann var um 35 m austan við beitarhúsin en nú hafa tún verið ræst fram og skemmt brunninn talsvert enda lenti hann í skurðbakka rétt austan við Tröllakirkju 010.

Brunnurinn er í sniði skuðsins. Sunnan og austan við skurðinn er sléttað tún og norðan og vestan við hann eru móar og klettar. Skurðurinn er djúpur (um 2,5 m).

Nú er hægt að sjá þversnið brunnsins í skurðsárinu sem þó er vel gróið og hylur því brunninn að hluta. Brunnurinn er því einungis hálfur þar sem austurhlíðinni hefur verið rutt í burtu er skurðurinn var gerður. Ofan á brunnum er um 1 m af jarðvegi og hleðslan er um 1,5 m á dýpt (þessir 1,5 m sem sjást ná niður að botni skurðarins). Brunnurinn hefur líklega verið um 1 m í þvermál. Brunnurinn er innan við 10 m frá áætlaðri legu stofnlínu og því í mikilli hættu af þeim sökum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda





*Brunnurinn, horft til vesturs*

**BO221:022** þúst hlutverk óþekkt

64°40.401N 21°26.374V

Ógreinileg þúst er í jaðri Húsatúns, 60 m norðaustan við beitarhús 007 en um 100 m vestan við tóft 020. Þústin er í sléttlendum móa í túnjaðri. Þegar fjær dregur frá tóftinni verður móinn þýfður. Mosavaxið graslendi er í og við tóftina.

Þústin snýr norðaustur-suðvestur og er 8,5 X 4 m að stærð. Hún er afar óljós en hægt er að glöggva sig á stærð hennar. Ekki er hægt að segja mikið um lögun þústar en líklega



*Þústin, horft til suðurs*

hefur hún skipst í tvö hólf. Hólf A er í norðausturenda tóftar og er ívið greinilegra en hólf B. Hólf A er 2 X 1 m að stærð og sést suðurhorn þess vel. Hólf B í suðvesturenda þústar og er í raun aðeins ógreinileg gróin dæld sem er 2 x 1,5m að stærð. Hólfín eru aðskilin af 1,5m breiðu hafti. Þústin er gróin en steinar eru á víð og dreif undir gróðurhulunni. Hæð gengur frá þúst til norðausturs og er mögulega framhald af henni. Ómögulegt er þó að segja nokkuð um það enda þústin öll afar ógreinileg þó hún sé líklega mannaverk. Líklegast er að hún standi í einhverjum tengslum við skepnuhald í beitarhúsum 007 en hlutverk hennar er þó óþekkt. Hún er um 50 m norðan við miðlínu áætlaðrar stofnlínulagnar og því utan áhrifasvæðis hennar þó telja megi hana í

einhverri hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda


**BO-221:023** þúst hlutverk óþekkt

64°40.393N 21°26.588V

Óljós þúst er við norðvesturhorn flags sem er norðan við Húsatún. Tóftin er um 130 m norðvestan við beitarhúsin í Húsatúni 007 og er byggð við stóran, jarðfastan stein. Við þústina sunnan- og suðaustanverða er grýtt en moldarflag. Norðaustan og austan við þústina er ás - Vörðuás 010, og vestan og norðvestan við hana eru móar og framhaldið af Vörðuásnum þar fyrir ofan. Rétt vestan og norðan við tóftina er þurr árfarvegur.



*Þústin, horft í vestur*



Þær leifar sem þarna eru teljast fremur umfangslitlar og erfitt að segja mikið um þær. Þó virðast þær klárlega vera mannaverk. Svo virðist sem einungis standi eftir lítill hluti

þústar sem var upprunalega stærri og má giska á að a.m.k. helmingur kunni að vera horfinn, líklega í flagið. Þústin er 3 X 2 m að stærð og snýr suðvestur-norðvestur. Suðvesturhluti þústar er horfinn og er ekkert hægt að segja um lögun hennar sökum þess. Norðausturhlið þústar er við stóran klett. Sú hlið er um 3 m á lengd en rof er í hana í suðausturendann. Norðvesturhliðin er um 2 m á lengd og er rof í henni miðri. Suðvesturhliðin er einungis um 1 m á lengd. Tóftin er vel grasi gróin og snýr í suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru um 0,4 m á þykkt en mjög ógreinilegir á mörgum stöðum. Í örnefnalýsingu er getið um stekk við Vörðuás og ekki er óhugsandi að þústin gæti verið leifar hans, hins vegar eru ummerkin of óljós til að nokkuð sé hægt að segja um hlutverk þústar og staðsetning stekksins við Vörðuás heldur losaraleg til að hægt sé að staðsetja hann með vissu. Í örnefnaskrá segir orðrétt: "Stekkurinn var neðst í Vörðuás, í vestur frá Tröllakirkju." Þústin er um 10 m frá miðlínu áætlaðrar stofnlínulagnar og því í mikilli hættu vegna framkvæmdanna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Brekkukot AV, 1

## **MH-067 Brúarreykir**

4. júní 1508: Gottskálk biskup á Hólum selur Pétri Pálssyni presti í umboði Þórólfs Ögmundssonar jörðina Brúarreyki í Stafholtstungum fyrir jarðirnar Ósland í Óslandshlið, hálf kotin Hól og Brekku og hálfu Illugastaði í Fljótum. DI VIII, 209.

1548-1549, 1550 og 1552: Nefnt í fógetareikningum Kristjáns skrifara af konungsjörðum í Borgarfirði. DI XII, 132, 147, 167 og 393.

1553: Veitingabréf Kristjáns konungs þriðja til Daða bónda Guðmundssonar fyrir Brúarreykjum og fleiri jörðum leigulaust. DI XII, 523.

1563-64: Nefnt sem hluti af dánarbúi Daða Guðmundssonar í Snóksdal. DI XIV, 205.

1686/95: Í byggð, í eigu prestseturs, metið á 16 hdr. The Old Icelandic Land Registers, 151.

1709: 16 hdr, Skálholtsstólseign. 1801: "Bruarreykir" í byggð í Síðumúlasókn samkvæmt



manntali vesturamts, 6. 1835: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1845: Í byggð í Síðumúlasókn samkvæmt manntali vesturamts, 4.

1847: 16 hdr. Gilsbakkaprestakalls lénsjörð. Fyrst getið í eignarskrá 1504, BB III, 131. Á jörð Brúarreykja eru rústir landnámsbýlisins Ísröðarstaða MH-067:006. BB III, 131. Ísröðarstaða er getið í Landnámu. ÍF I, 85. Landsskuld (leiga) 80 álnir vaðmáls á tímabilinu 1549 til 1553, DI, 146 (1549-50), 167 (1550), 393 (1552) og 523 (1553). Garðyrkjubýlin Sólbakki og Laufskálar I og II standa á jörðinni síðan um miðja 20. öldina. BB III, 146 og 159.

1709: "Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar nægur. [...] Túninu spillir vatnsuppgangur, sem jetur úr rótina. Engjar öngvar nema hvað hent er úr hagnýrum" JÁM, 318. 1917: Tún 3,7 ha. 3/5 túns sléttur. Garðar 400 m<sup>2</sup>. Túnið allt girt. Túnakort 1917 Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Land Brúarreykja er um 230 ha, móa- og mýrlendi með klettabeltum og holtum. [...] Ræktunarskilyrði eru góð á jörðinni [...] Jarðhiti 16 lítrar á sek., 86 gráður, er sunnan til í landinu og er nýttur til gróðurhúsaræktunar [...] Sauðfjábú var lagt niður fyrir mörgum árum, nú eingöngu kúabú. Afréttarland er á upprekstrarsvæði Þverárreittar. Veiðirétt eiga Brúarreykir í Hvítá," BB III, 131.

**MH-067:011** varða samgöngubót

64°40.612N 21°28.267V

"Önnur varða er á holti hér nær, sem heitir Helluholt. Sú varða er ferköntuð og koma tröppur hlaðnar upp í hornið. Hún er ekki á merkjum," segir í örnefnalýsingu. Varðan er enn mjög stæðileg og stendur norðaustarlega á Helluholti. Hún er um 270 m norðvestan við Hvítá en um 420 m suðvestan við suðvestasta hluta Laufskálabyggðar. Mosagróið klettaholt. Umhverfis er mýri með nokkrum aflöngum klettaholtum. Einstaka moldarflag er í mýrinni sunnan við holtið. Mýrin hefur að hluta verið ræst fram.



Varðan, horft til norðvesturs

Varðan er mjög vandlega hlaðin úr flögugrjóti. Hún er um 1,4 m á kant og er ferhyrnd. Varðan er mest um 1,8 m á hæð. Í suðurhorni hennar hafa verið gerð þrjú aflöng þrep upp hana þannig að auðveldlega má klifra upp á topp hennar. Hefur það væntanlega gert til að hægt væri að skyggast um. Bryndís Ó. Haraldsdóttir, heimildamaður, taldi að varðan hefði verið samgöngubót ásamt fleiri stæðilegum vörðum sem eru norðan Hvítár á þessum slóðum. Varðan er í um 120 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðrar kaldavatnslagnar og ætti því ekki að vera í hættu vegna hennar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Brúarreykir, 3

**MH-067:023** vegur leið

64°40.692N 21°28.526V

Aðalgötturnar um sveitina lágu eftir landareign Brúarreykja frá norðaustri til suðvesturs. Þær færðust lítilla til á 19. öld. Áður lágu götturnar um 250 m norðvestar en þær gerðu síðar (um eldri götur sjá 024). Bryndís Ó. Haraldsdóttir, heimildamaður, man vel eftir yngri götunum enda voru þær notaðar langt fram eftir 20. öld og farnar á traktorum og öðrum faratækjum. Leiðin lág frá heimreið eftir miklum klettaholtum í mýrunum til VSV alla leið að merkjum við Miðgarð. Í landi Miðgarðs lá leiðin að Miðgarði á holtunum þar. Gatan þræddi á þessum slóðum að mestu leyti aflöng klettabelti sem liggja í mýrlendinu og snúa norðaustur-suðvestur.



Hluti leiðarinnar, horft í NA

Gatan var skoðuð á því svæði sem kaldavatnslögn er nú ráðgerð. Á því svæði er hún norðvestan í klettabelti. Suðvestast á því svæði sem var skoðað er gatan í fláa í klettabeltið og hefur líklega verið rutt úr því til að útbúa sléttan vegarslóða. Norðaustar verður hún grynri og óljósari. Á þeim slóðum er hún í raun bara dæld í gróid beltíð. Áætluð stofnlögn mun skera göturnar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-067:024** gata leið

64°40.621N 21°28.250V

Aðalgötturnar um sveitina lágu eftir landareign Brúarreykja frá norðaustri til suðvesturs. Þessar götur færðust líttillega til á 19. öld. Áður lágu göturnar um 250 m norðvestar en þær gerðu síðar (um yngri götur sjá yngri sjá nr. 023). Eldri göturnar voru víða varðaðar (sjá t.d. vörðu Helluholti 011). Samkvæmt Bryndísi Ó. Haraldsdóttur, heimildamanni, lá leiðin ANA-VSV um mýrarnar vestan við bæ og norðan við Helluholt. Litlar sem engar leifar sjást nú eftir göturnar á þessum slóðum. Þó má á kafla sjá óljósar dældir sem líkjast mest kindagötum.

Norðan við Helluholt er deiglent dalverpi og er þar afar ógreinileg gata, hálfgerð kindagata sem þó gæti verið leifar að eldri götu. Gatan hverfur í mýrina þar sem holtinu sleppir til austurs og við tekur smápýfð mýri og er það einmitt í henni sem kaldavatnslögn er ráðgerð. Ekki er ólíklegt að bæði hafi verið farið norðan og sunnan í Helluholti eftir færð og snjóalögum en sunnanvert Helluholtið er þurrara og þar er gróðurþekja þunn. Þar má einnig greiða óljósa slóð eða kindagötur á kafla. Þó að ýmist kunni að hafa verið farið í suður- eða norðurhlið holts hafa götur líklega sameinast við austurenda holtsins og legið þaðan norðaustur yfir mýrina þar sem ráðgert er að kaldavatnslögn liggir. Eins og áður segir sjást engin ummerki um götuna á áhrifasvæðis kaldavatnslagnar en kaldavatnslögnin mun þó þvera það svæði þar sem gatan lá.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-067:025** tóft hlutverk óþekkt


64°40.539N 21°28.188V

Lítill, grjóthlaðin tóft er byggð upp næsta klettaholt neðan við (suðaustan) Helluholt. Tóftin er byggð norðvestan við holtið og er um 160 m VNV við Hvítá en um 450 m SSV við

suðvestustu húsin í Laufskálaþyrpingunni. Hún er um 1,1 km SSV við íbúðarhúsið á Brúarreykjum. Smápýfður, deiglendur mói er norðvestar en suðaustar er klettabelti.



*Tóftin, horft til norðausturs*



Tóftin er 9 X 4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hlaðin úr grjóti en sigin og eru hleðslur víða 0,4-0,5 m á hæð og mosagrónar. Tóftin virðist hafa verið einföld. Veggir eru mest 1 m á breidd. Klettaveggur myndar suðausturhlið tóftar. Op er á suðvestur gafli suðaustast. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt. Tóftin er um 220 m suðvestan við miðjúlínu áætlaðrar kaldavatnslagnar og ætti ekki að vera í sérstakri hættu vegna áætlaðra framkvæmda við kaldavatnslögn.

**Hættumat:** engin hætta

**MH-067:026** varða hlutverk óþekkt

64°40.530N 21°28.160V

Um 180 m SSA við vörðu á Helluholti 011 og um 130 m frá Hvítá er önnur varða. Varðan er á klapparholti sem lækkar til SA í átt að Hvítá. Varðan stendur á mosa- og grasivöxnu klapparholti en víða sést í bera klöpp.

Varðan er um 1 m á kant og 1,5 m há þar sem hún er hæst. Úr vörðunni hefur hrunið talsvert af grjóti, aðallega í NNV horni hennar. Grjótið í vörðunni er stórt og kantað. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan hefur verið hlaðin. Hún er um 30 m suðaustan við grjóthlaðna tóft 025 og gæti mögulega verið hlaðin til að vísa á hana. Bryndís Ó. Haraldsdóttir, heimildamaður hélt jafnvel að varðan hefði verið hlaðin í tengslum við vörðuna á Helluholti hún hefur ekki verið í stefnu við þá leið sem fyrrnefnda varðan hefur markað. Varðan er um 230 m VSV við miðlínu áætlaðrar kaldavatnslagnar og ætti því ekki að vera í hættu af þeim sökum.

**Hættumat:** engin hætta



*Varðan, horft í norðaustur*

**MH-067:027** hleðsla hlutverk óþekkt

64°40.671N 21°27.977V

Lítill hleðsla er á lágu holti um 50 m ASA af þúst 028. Hleðslan er um 130 m suðvestan við Hvítá og um 180 m suðvestan við suðvestustu gróðurhúsin í Laufskálum. Hleðslan er efst á lágu holti í þýfðri mýri.

Grjóthleðslan liggur norðvestur-suðaustur og er um 3 m á lengd en 1 m á breidd þar sem hún er breiðust í suðausturendanum. Hún er byggð á náttúrulegum kletti. Sjálf hleðslan er 0,3 m á hæð en ef kletturinn undir henni er meðtalinn er hæð mannvirkisins um 0,8 m. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hleðslan var byggð og má vera að hún hafi átt að verða upphaf af stærra mannvirki sem aldrei var klárað. Hleðslan er um 70 m norðaustan við áætlaða miðlínu kaldavatnslagnar og er því ekki inn á áhrifasvæði hennar en gæti engu að síður talist í hættu vegna nálægðar við framkvæmdir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda




*Hleðslan, horft til austurs*

**MH-067:028** þúst hlutverk óþekkt

64°40.688N 21°28.026V

Lítill, einföld tóft er í mýri um 180 m SSV við suðvestustu gróðurhúsin í Laufskálum en 50-60 m VNV við hleðslu 027. Hún er rúmlega 130 m norðvestan við Hvítá. Í smáþýfðum móa. Aflöng klettabelti liggja



*Þústin, horft til suðurs*

víða norðvestur-suðaustur.

Þústin er um 2 x 2 m að stærð og er einföld með opi á miðjum norðausturvegg. Hún er úr torfi og virðist ekki vandlega hlaðin. Þústin er mosagróin og eru hleðslur mest 0,7 m á hæð. Fast suðvestan við þúst er 3 x 2 m stórt svæði þar sem torf virðist hafa verið rist í hana. Í botni þústar er dæld. Þústin er lítil og einkennileg og gæti verið hlaðin um uppsprettu eða eitthvað slíkt. Annars er ekkert hægt að segja um hlutverk hennar eða aldur. Hún er rúmlega 70 m norðaustan við miðlínu áætlaðrar stofnlínulagnar og því utan áhrifasvæðis hennar en gæti talist í hættu vegna umróts við framkvæmdirnar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## **MH-068 Lundar**

[1563-1564]: Lundar nefndir í reikningum Eggerts Hannessonar lögmanns um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal. DI XIV, 204 og 212. 1686/95: Í byggð, einkaeign, metin á 20 hdr. '86 og 16 hdr. '95. The Old Icelandic Land Registers, 151.

1709: 16 hdr. JÁM IV, 320. 1801: Lundar í byggð í Hjarðarholtssókn samkvæmt manntali vesturamts, 21.

1845: Lundar í byggð í Hjarðarholtssókn samkvæmt manntali vesturamts, 23.

1847: 16 hdr. JJ, 127.

Í byggð 1703 og 1835 samkvæmt manntölum Þjóðskjalasafns Íslands.

Árið 1945 var bærinn Ásar reistur við hverinn á landi Lundar sem hjáleiga þar sem er stundaður gróðurhúsabúskapur á 5 ha lands, BB III, 128.

"Lundar, 16. hndr. jörð, í alla staði áþekkt hinni síðastnefndu [Steinar, í meðallagi að slægjum og útbeit.] SSMB, 68.

1917: Tún 9,6 ha. Allt slétt. Kálgarðar 980 m<sup>2</sup>.

"Allt fram á 18. öld var hér nokkur skógur. Landið er flatt og þurrleitt, móar sunnan til en löng mýrarsund norðar milli holta. Ræktunarland mikið og gott. Engjar eru vestur undir Þverá" BB III, 151.

**MH-068:031 Hesthúsmói** heimild um hesthús 64°40.889N 21°30.122V

"Vestan þess [Móholts 032] er stórþýfður móarimi, er nær frá Landbroti og upp undir tún og heitir Hesthúsmói. Þar var hesthús fram á byrjun 20. aldar," segir í örnefnalýsingu. Ragna Sigurðardóttir, heimildamaður, man vel eftir tóftum húsanna en þeirra sjást nú engin merki. Húsin voru 450 m suðvestan við íbúðarhúsið á Lundum II, í suðurjaðri túns. Þar sem húsin stóðu eru nú sléttuð tún. Ekki er hægt að sjá mismun á gróðri eða annað sem gefur nákvæma staðsetningu til kynna.

Úr hesthústóftinni var sléttuð snemma á 9. áratug 20. aldar (um 1980). Ekkert sést til minja á vettvangi eða vísbendingar um staðsetningu en eftir ábendingu heimildamanns má staðsetja það gróflega suðaustast í miðjuskika þriggja túna sem eru suðaustan við bæ. Samkvæmt því var það nálega þar sem áætluð stofnlögn mun liggja.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Lundar, 5.

**MH-068:032** Móholt náma mógrafir

64°40.885N 21°29.728V

"Neðar með Landbroti [en Grafarnes 030], kippikorn fyrir neðan Miðgarðsveg er hornbeygja

á Landbrotinu ... Þá koma uppi á barðinu stórar mógrafir og vestan þeirra melur, er heitir Móholt," segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru enn greinilegar fast vestan við sléttað tún og um 320 m sunnan við íbúðarhúsið á Lundum II en 40-50 m norðan við Landbrot. Norðan og austan við mógrafirnar eru sléttuð tún og eru mógrafirnar í raun í suðvesturhorni túns. Sunnan og vestan við mógrafirnar er þýfð mýri og mór.



*Mógrafir, horft til norðurs*

Mógrafirnar eru stórar og þýfðar og frekar blautar. Rás liggur í suðaustur jaðri mógrafa. Hún er um 2 m breið og samtals um 110 m löng og liggur til suðvesturs að Landbroti. Þær mógrafir sem vel eru greinilegar eru um 55 X 25 m stórar og snúa NNA-SSV. Bakkar þeirra eru um 1,2 m djúpir. Tvær hliðar mógrafanna, suðaustur- og norðausturhliðar eru felldar inn í tún. Vel er hugsanlegt að mór hafi verið tekinn á stærra svæði á þessum slóðum og segja má að ágætt mósukurðarsvæði sé þarna á 115 X 100 m stóru svæði sem snýr NNA-SSV og er suðurjaðar þess samsíða miðlínu stofnlagnar. Greinilegu ummerkin eru hins vegar um 50 m norðaustan við sömu línu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Lundar, 5.

**MH-068:034** þúst lambhús

64°40.920N 21°30.067V

"Neðan lækjar heitir það sem hærra ber Aukatún. Neðan til á því (og líklega hefir túnið ekki náð svo langt þá) voru lambhús. Hefir verið örstutt þaðan að hesthúsinu [031]," segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning þessa húss er nú týnd enda nokkuð síðan það var sléttað í tún. Það hefur þó staðið um 370 m suðvestan við íbúðarhúsið í Lundum II, neðarlega eða suðvestast í Aukatúninu. Þar er óljós hæð sem mögulega gæti vísað á staðsetningu hússins (og þar var hnit tekið) en ekkert er hægt að fullyrða um það. Allt umhverfis lambhúsið eru sléttuð tún. Túngarður var hlaðinn umhverfis Aukatún (sjá 044) og er hann um 19 m suðvestan við líklega

staðsetningu lambhúss.

Lambhúsið kann að hafa staðið þar sem nú er illgreinanleg hæð í sléttuðu túni en ekkert er hægt að fullyrða um það og engin skýr ummerki sjást á yfirborði.

Hæðin er hins

vegar 5 X 3 m stór. Hún er 70-80 m norðaustan við miðlínu áætlaðrar stofnlínu og er því utan áhrifasvæðis framkvæmda. Sökum þess hversu óljós staðsetningin hússins er þó ekki hægt að fullyrða að stofnlínan ógni ekki mögulegum leifum sem gætu leynst undir sverði

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Lundar, 5.



*Þústin, horft í norðvestur*

**MH-068:036 Engjaskurður garðlag áveita**

64°40.968N 21°30.930V

"Eftir engjunum miðjum rennur Engjaskurður. Er það lækur að nokkru grafinn af mönnum, áframhald af Steina-Landbroti, " segir í örnefnalýsingu. Í Byggðum Borgarfjarðar I segir: "Breytti hann [Guðmundur á Lundum f. 10. júlí 1861] hér fyrstur manna mýrum í tún með skurðum og lokræsum. [...] hefur hann þó aukið þar við [jarðabætur] stórfelldum umbótum í byggingum, útgræðslum, áveitum og girðingum." Engjaskurður er vestan við bæ og er enn greinilegur bæði ofan og neðan við Borgarfjarðarbraut. Borgarfjarðarbraut sker skurðinn um 140 VSV við afleggjara að Kaðalsstöðum. Áætluð stofnlínulögn mun skera skurð Guðmundar, nálægt suðvesturenda hans. Skurðurinn er í smápýfðum og blautlendum móa, vel grasi grónum. Þar er nú hrossabeit. Frá skurðinum lágu rásir og garðar og er einn skurðanna




*Engjaskurður og garðlag frá honum, horft í NNW*

og einn garður greinilegur á svæðinu sunnan við Borgarfjarðarbraut. Garðurinn er þar sem blautast er í mýrinni og liggur skurði til suðurs að brekkurótum.

Í skurðinn var settur steypdur stokkur sem var stíflaður á vorin og þá var heitu hveravatni veitt á engjarnar til að bræða snjó og klaka og flýta fyrir vexti. Skurðurinn sést enn, a.m.k. að stórum hluta en garðlög sem lágu

frá honum á báða bóga hafa talsvert verið skemmd. Eldri þjóðvegur lá framhjá engjunum en sá nýi yfir þær. Skurðurinn var skoðaður að hluta, sunna við Borgarfjarðarbraut vegna úttekta á áætlaðri stofnlínulögn en hann nær miklu lengra til norðurs og er alls 480 m langur. Sá kafli skurðar sem var skoðaður er samtals um 190 m langur. Hann liggur frá þjóðvegi og í um 155 m til suðvesturs en beygir þá til SSA og liggur áfram í 30-40 m í átt að Þverá en er mun óskýrari á þeim kafla og verður alveg óskýr um 50 m norðaustan við Þverá. Skurðurinn er mest 2 m á breidd, djúpur og vatnsmikill. Þar sem stefna garðsins breytist sjást þrjár steiptir flekar í bakkanum sem gætu verið úr steyptra stokkinum sem getið er í örnefnaskrá eða brú



sem legið hefur yfir hann á eldri þjóðvegi (sjá nánar leið 043). Um 45 m beint sunnan við Borgarfjarðarbraut liggur garðlagið frá skurði til suðausturs að brekkurótum. Það er torfhlaðið og er garðurinn mest um 2 m á breidd, 0,4 m á hæð en 50-60 m langur. Suðausturendi garðlags er næst áætlaðri miðlínu stofnlagnar en þó í 70 m fjarlægð og ætti því ekki að vera í hættu hennar vegna. Um 10 m frá suðvesturenda er rof í garðinn og liggur þar rás í gegn sem gerð hefur verið í jafri mýrarinnar. Rásin er hluti af áveitukerfinu og liggur hún frá Borgarbraut, með suðurjaðri mýrarinnar en beygir svo til vesturs að skurði um 40 m norðan við miðjúlínu áætlaðrar stofnlagnar. Gróflega áætlað eru mannvistarleifar sunnan Borgarfjarðarbrautar um á svæði sem er um 200 x 100 m stórt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Lundar, 6. Úr Byggðum Borgarfjarðar I, 245.

**MH-068:043 frásögn leið**

64°40.963N 21°30.920V

Borgarfjarðarbraut lá allt fram á allra síðustu ár í talsverðan sveig vestast í landareign Lunda, við Þverá. Nú liggur hún hins vegar í nokkuð beina línu um deiglendi til ANA um landareignina. Ragna J. Sigurðardóttir, heimildamaður og ábúandi á Lundum, telur að

Þjóðleiðin hafi á fyrri öldum einmitt legið á svipuðum slóðum og eldri þjóðvegur gerði sveig eftir þurrum holtum, fram hjá deiglendinu, frá Þverá til suðausturs og svo norðausturs en engin ummerki sjást um hann. Á þeim slóðum sem þjóðvegurinn lá áður er nú bithagi hrossa. Götur hafa legið í sveig eftir þurrum holtum en sá þjóðvegur sem notaður var allt fram á allra síðustu ár hefur án efa máð út öll merki sem kynnu að hafa verið á þessum slóðum eftir eldri þjóðleið. Vegurinn hefur nú svo til verið máður út af landslaginu og er hulinn gróðri þannig að rétt má sjá móta fyrir honum. Hann hefur legið yfir Engjaskurðinn (036) um 20 m sunnan við þar sem dálítil beygja er á honum.

Engi merki sjást um eldri þjóðleið á þessum slóðum enda lá Borgarfjarðarbraut á sömu slóðum allt fram á síðustu ár. Ef elsta leiðin hefur legið á svipuðum slóðum og yngri vegur þá mun áætluð stofnlögn skera hana um 200 m ASA við þar sem hún greinist frá þjóðvegi. Um nákvæma staðsetningu eldri leiðar er hins vegar ekkert hægt að fullyrða og sjálfsagt öll ummerki um hana löngu afmáð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**MH-068:044** garðlag túngarður

64°40.903N 21°30.051V

Leifar túngarðs eru enn greinilegar á kafla SSV við Lunda og hefur hann líklega girt af s.k. Aukatún. Sá hluti sem næst er bæ er um 210 m SSV við Lunda II. Umhverfis eru víðast grasi vaxin, sléttuð tún en sjálfur túngarðurinn er mosavaxinn. Suðvestan garðs er þó flag.



*Horn túngarðs, horft í suðvestur*

Tvær hliðar túngarðsins (eða hlutar þeirra) eru greinilegar, þ.e. suðaustur- og suðvesturhlið. Suðausturhliðin er lengri eða um 185 m löng en suðausturhliðin er 100 m löng. Suðvesturhliðin endar í skurði til vesturs en liggur þaðan um 100 m til suðausturs þar sem hún beygir í 90° til norðausturs. Rof er reyndar í þessa hlið um 8 m frá suðvesturhorni þar sem vegarslóði liggur í gegn. Suðausturhliðin er heil og vel hlaðin allt þar sem hún endar skyndilega og er sléttuð í tún. Garðurinn er víða 1,5-2 m á breidd en mest 1,5 m á hæð en víðast þó talsvert lægri eða 0,6 m á hæð. Hann er torfhláðinn en mosagróinn en torf hefur verið skorið í hann suðaustan við suðausturhlið og hefur sárið aldrei gróíð upp. Horn garðsins er næst áætlaðri stofnlínulögn og er hún um 40 m sunnar. Hann er því utan áhrifasvæði lagnar en telst þó í einhverri hættu vegna umröts sem gjarnan fylgir framkvæmdum sem þessum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**MH-068:045** þúst hlutverk óþekkt

64°40.909N 21°30.623V

Ólöguleg þúst er um 140 m norðaustan við Þverá, um 80 m suðvestan við Kaðalstaðaveg en 40 m norðvestan við lækjarðrag sem á þessum slóðum liggur að Þverá. Þústin er um 730 m VSV við Lunda II. Þústin er á mel með þunnri gróðurþekju. En umhverfis er víðast mýri og gengur mýrarrani inn í melinn í námunda við þústina.



*Þústin, horft í NNW*

Þústin er mjög ólöguleg og í raun meira réttnefni að nefna hana hrauk fremur en þúst. Hún virðist hins vegar vera mannaverk en ekki náttúrusmíði og kann að vera móstaði eða einfalt mannvirki að áþekkri gerð. Hún er 2 X 2 m stór og er mest 1,4 m á hæð og

er hálfgerður hóll. Hún er algróin og sker sig úr sléttlendinu umhverfis. Þústin er um 50 m SSV við áætlaða miðlínu stofnlagnar og því utan áhrifasvæðis hennar en gæti engu að síður talist í einhverri hættu vegna umróts við framkvæmdir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



#### **4. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda**

Samtals eru þekktar 222 fornleifar á þeim sex jörðum sem framkvæmdirnar snerta. Langflestar þeirra reyndust þó fjarri framkvæmdasvæðinu en skráðar voru 44 fornleifar í nágrenni framkvæmdanna. Af þeim reyndust 4 staðir fjarri framkvæmdunum en svo að þeir teldust í einhverri hættu vegna þeirra. Til viðbótar voru skráðir 13 minjastaðir sem eru utan áhrifasvæðis framkvæmdar og því *ekki í stórhættu* af þeim sökum, en innan við 70 m frá áætlaðri legu miðlínu og því skráðir í *hættu* vegna framkvæmdanna. Með þessu er vakin sérstök athygli á þessum stöðum og minnt á að varlega þarf að fara í alla umferð stórvirkra vinnuvéla við framkvæmdir. Með því að sýna aðgát við framkvæmdir ætti hins vegar að verða auðvelt að hlífa öllum þessum minjastöðum og vernda þá fyrir hnjaski.

Samtals voru skráðir 27 minjastaðir innan áhrifasvæðis framkvæmda eða í 30 m fjarlægð eða minna frá áætlaðri stofnlínulögn og teljast þessir staðir í stórhættu vegna framkvæmdanna. Í yfirliti um minjastaði innan áhrifasvæðis stofnlínulagnar hér að neðan verður fjallað um þessa staði.

Rétt er að ítreka að mögulegt er að fornleifar, sem engin ummerki sjást um á yfirborði og ekki eru þekktar úr heimildum, leynist undir sverði á framkvæmdasvæðinu og komi í ljós við framkvæmdir. Þetta á ekki síst við þann hluta stofnlínu sem liggur í heimatúnnum bæja þar sem minjadreifing er að jafnaði langþéttust og algengt að ummerki um minjastaði séu horfin í sléttun og annað umrót sem gjarnan fylgir búskap. Það er því nauðsynlegt að fara varlega í framkvæmdir á slíkum stöðum, en Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort eftirlit fornleifafræðings er nauðsynlegt við þá hluta framkvæmda sem liggja í gegnum heimatún. Rétt er að minna á að eins og segir í 13. grein Þjóðminjalaga frá 2001 ber framkvæmdaraðila skylda til þess að stöðva framkvæmdir leiði þær í ljós áður óþekktar minjar. Það er síðan Fornleifaverndar ríkisins að ákvarða um áframhaldandi framkvæmdir og skilmála þeirra.

Í eftirfarandi umfjöllun verður stofnlínulögn fylgt frá Þverá í landi Lunda til ASA um land Miðgarðs, Brúarreykja og svo yfir Hvíta um land Brekkukots, Deildartungu og Grófar.

## **Fornleifar á áhrifasvæði stofnlínulagnar**

### *Lundar (MH-068)*

Yfirlit þetta hefst allra norðvestast á jörðinni, þar sem stofnlína liggur frá þjóðvegi við Þverá í landi Lunda. Þar voru skráðar sjö fornleifar og voru fjórar þeirrar innan áhrifasvæðis stofnlínu (sjá kort 2). Stofnlínulögn mun liggja þar sem þjóðvegurinn lá allt fram á síðustu ár. Samkvæmt staðkunnugum lá leiðin um sveitina á árum áður á svipuðum slóðum (MH-068:043). Lagning yngri þjóðvegjar hefur hins vegar þegar spillt öllum þeim leifum um eldri veg sem kunna að hafa verið og því ekki líklegt að stofnlína ógni minjum um eldri þjóðleið.

Síðla á 19. öld bjó í Lundum mikill framtaksmaður, Guðmundur í Lundum, sem ræsti fram mýrar af miklum mót og hóf talsverða uppbyggingu á jörðinni. Samkvæmt örnefnaskrá lét hann gera s.k. Engjaskurð (MH-068:036) sem var talsvert umfangsmikið áveitukerfi, skurðir, garðar og rásir ásamt steiptum stokki. Var skurðurinn stíflaður á vorin og heitu vatni veitt á engjarnar til að bræða snjó og flýta fyrir vexti. Stofnlínan mun liggja þvert yfir Engjaskurðinn en rétt er að geta þess að eldri og nýrri þjóðvegir hafa báðir þegar skemmt áveitukerfið talsvert.

Hesthúskofi (MH-068:031) var áður í túni suðvestan við bæ í Lundum á þeim slóðum sem áætluð stofnlína mun liggja. Talsvert er síðan sléttað var úr leifum hesthúsanna en þó að engin ummerki sjáist á yfirborði er ekki óhugsandi að þau gætu leynst undir sverði. Staðsetning hesthússins er ekki fullkomlega nákvæm en samkvæmt ábúendum í Lundum var húsið á svipuðum slóðum og línan mun liggja og því ljóst að leifar undir sverði kunna að vera í mikilli hættu.

Mógrafir (MH-068:032) eru suðvestarlega í landi Lunda, nálægt Landbroti. Sá hluti grafanna sem er hvað greinlegastur er 50 m frá áætlaðri stofnlínu en umhverfis er deiglent mýrarsvæði þar sem mór hefur líklega einnig verið tekinn á fyrri tímum og mun stofnlínan liggja í jaðri þessa svæðis.

### *Miðgarður (MH-069)*

Miðgarður er byggður úr Kaðalstaðalandi. Engar vísbendingar fundust í heimildum um fornleifar á því svæði sem stofnlína er ráðgerð á þessum slóðum og engar

mannvistarleifar komu í ljós á yfirborði við vettvangsrannsókn. Engin þekkt fornleif er því skráð á eða við áhrifasvæði stofnlínu í Miðgarðslandi.

### *Brúarreykir (MH-067)*

Samtals voru skráðir sjö minjastaðir í námunda við áætlaða stofnlínulögn í Brúarreykjalandi en af þeim reyndust aðeins tveir innan áhrifasvæðis hennar (sjá kort 3). Báðir staðirnir eru leiðir sem áætluð stofnlínulögn mun skera. Í hvorugu tilfellinu sjást hins vegar skýr merki um götur innan áhrifasvæði stofnlínu enda liggur hún um talsvert deiglendi á þessum slóðum þar sem lítilla ummerkja er að vænta. Báðar göturnar voru í raun hluti af sömu leið en eru frá mismunandi skeiði.

Yngri göturnar (MH-067:023) voru líklega fyrst notaðar 19. öld og voru í notkun langt fram eftir 20. öld. Á tímabili voru þær farnar á traktorum og öðrum vélknúnum faratækjum. Leiðin lá frá heimreið eftir miklum klettaholtum í mýrunum til VSV að merkjum við Miðgarð og áfram.

Eldri göturnar (MH-067:024) voru um 250 m norðvestar en þær yngri og voru varðaðar. Eins og yngri göturnar þræddu þær klettaholt í mýrinni. Ummerki um báðar götur má greina á köflum en þar sem stofnlína mun skera þær, í mýrinni, sjást engin ummerki.

### *Brekkukot (BO-221)*

Í landi Brekkukots voru skráðar 10 fornleifar en af þeim reyndust sjö innan áhrifasvæðis stofnlínulagnar, flestar í eða við Húsatún (sjá kort 4).

Fast suðaustan við Hvítá eru mógrafir í landi Bakkakots (MH-221:018). Greinilegasti hluti mógrafanna er 50-60 m suðvestan við áætlaða stofnlínu en óljós ummerki má greina norðvestar og liggur stofnlínan yfir það svæði.

Óljós þúst (BO-221:023) er um 10 m frá miðlínu áætlaðrar stofnlínulagnar norðan við s.k. Húsatún. Leifarnar eru umfangslitlar (og e.t.v. einungis lítill hluti þústar sem var upprunalega stærri) og erfitt að segja mikið um þær. Þó virðast þær klárlega vera mannaverk.

Ráðgerð stofnlína mun liggja skáhallt yfir s.k. Húsatún þar sem áður voru beitarhús frá Brekkukoti. Á þeim slóðum ógnar línan a.m.k. 4 minjastöðum. Ekkert er vitað um aldur mannvirkja á þessum slóðum en samkvæmt túnakorti frá 1918 voru þá beitarhús, ræktuð tún og skurðir á þessum slóðum. Leifar beitarhúsatófta (BO-

221:007) eru vel greinilegar og stæðilegar en ráðgerð stofnlínulögn mun liggja um 5 m norðaustan við beitarhúsin. Við þau er Tröllakirkja (BO-221:010), tvær klettanibbur en þar var talin mikil huldufólksbyggð. Stofnlínan mun liggja örfáum metrum norðan við stærri klettinn en í jaðri þess minni. Brunnur (BO-221:021) var í Húsatúni um 35 m austan við beitarhúsin. Tún á þessum slóðum hafa nú verið ræst fram og hafa framkvæmdir skemmt brunninn talsvert enda lenti hann í skurðbakka. Þar má hins vegar enn sjá leifar hans um 10 m frá áætlaðri stofnlínu. Götur (BO-221:016) lágu að beitarhúsunum frá bæ. Leiðin var, þegar komið var fram á miðja 20. öld, farin á vélknúnum ökutækjum frá Brekkukoti. Í mýrinni er leiðin óskýr en þó mótar fyrir slóða á köflum. Þar sem leiðin liggur yfir Vörðuás er hún fremur ógreinileg en þar sem ásnum sleppir tekur við upphlaðinn kafli. Á ásnum er lítil varða um 20 m frá leiðinni sem líklega hefur verið hlaðin í tengslum við hana. Varðan er um 50 m norðan við áætlaða stofnlínulögn. Leiðin hefur legið alla leið að beitarhúsunum og því mun áætluð stofnlínulögn skera hana. Engin merki götunnar sjást hins vegar lengur á þeim slóðum þar sem stofnlína kemur til með að liggja þar sem hún hverfur áður í sléttuð tún.

Áætluð stofnlína mun liggja um s.k. Peningaskarð (BO-221:013) en samkvæmt örnefnaskrá á þar að vera grafinn sjóvettlingur fullur af peningum. Engin mannaverk sjást í skarðinu.

### *Deildartunga (BO-220)*

Samtals voru 20 fornleifar skráðar í tengslum við stofnlínulögn í landi Deildartungu (sjá kort 5). Áætluð stofnlínulögn mun liggja þvert í gegnum gömlu heimatúnin í Deildartungu og þar eru 18 af fornleifunum 20 sem skráðar voru á þessum slóðum. Af fornleifunum 20 reyndust 14 innan áhrifasvæðis stofnlínulagnar.

Eina fornleifin utan túns í Deildartungu sem taldist í stórhættu vegna framkvæmdanna var garðlag (BO-220:044) sem líklega er á landamerkjum og liggur frá landamerkjavörðu (BO-220:043) sem er rétt utan áhrifasvæðis lagnarinnar. Garðlagið er sjálfsagt ekki mjög fornt, a.m.k. virðist það byggingarstig sem sést nú hafa verið hlaðið undir girðingu. Merkin voru áður á þessum slóðum þó að þau hafi sæupar síðar? færst til. Garðlagið liggur næst stofnlínulögn um 30 m suðvestan hennar og er því í jaðri áhrifasvæðis hennar.

Samtals voru 13 fornleifar skráðar innan áhrifasvæðis stofnlínu í gamla heimatúninu í Deildartungu og nokkrar fleiri í næsta nágrenni. Ummerki um flestar þessara fornleifa hafa nú verið máð af yfirborði en ekki er ólíklegt að sums staðar leynist leifar undir sverði. Þar sem engar minjar sjást á yfirborði er erfðara að staðsetja fornleifarnar en ella og veldur það einnig nokkurri hættu þegar farið er í framkvæmdir. Þess ber einnig að geta að túnakort fyrir Deildartungu frá 1918, sem stuðst var við, virtist fremur ónákvæmt og eykur það enn á óvissu um staðsetningu sumra af minjastöðunum. Það er því ljóst að talsverð hættu er á því að koma niður á fornleifar við rask í túnunum á þessum slóðum enda hafa bændur í Deildartungu oftar en einu sinni komið niður á hleðslu- og móöskuleifar á þessum slóðum.

Þær fornleifar sem teljast í stórhættu vegna framkvæmdanna á þessum slóðum voru:

Í vesturjaðri túna í Deildartungu eru mjög óljós ummerki, hryggir og þúst í túni, sem gætu bent til mannvistarleifa undir sverði (sjá BO-221:048). Þessi ummerki eru norðan við áætlaða stofnlínulögn.

Vestarlega í túni er merkt garðlag inn á túnakort frá 1918 (BO-221:010) og er mögulegt að það séu leifar eldri túngarðs. Engar leifar garðlagsins sjást nú í túninu þar sem stofnlínulögn er ráðgerð en ljóst er að stofnlína kemur til með að liggja þvert á legu túngarðsins eins og hún er sýnd á túnakortinu.

Inn á túnakort frá 1918 er merktur afgangur reitur, “gróðrarstöð” (BO-220:037) norðvestast í gamla túninu. Áætluð stofnlínulögn liggur 20-30 m norðan við reitinn en þar eru nú sléttuð tún.

Heygarðstöft (BO-220:047) var áður á hól í túninu í Deildartungu, um það bil þar sem ráðgert er að stofnlínulögn muni liggja. Engin ummerki sjást um tóftina á yfirborði.

Samkvæmt Jóni Björnssyni bónda var mögulega þúst eða tóft (BO-220:039) í norðurjaðri áhrifasvæðis stofnlínu og 180-190 m VNV við íbúðarhúsið í Deildartungu II. Á þessum stað er óljós hæð í túninu. Lítið er hægt að fullyrða um staðinn en ekki er ólíklegt að undir sverði kunni að leynast mannvistarleifar. Staðurinn er 25-30 m norðan við miðlínu áætlaðrar stofnlagnar. Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús (BO-220:007) í túni, skammt norðan við þar sem stofnlína er ráðgerð, vestarlega í Deildartungutúni. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt og engin ummerki sjást um tóftina en miðað við staðsetningu á túnakorti var húsið 10-20 m ofan (norðan) við áætlaða stofnlínu.

Inn á túnakort frá 1918 er merkt ræsi og skurður (BO-220:040) skammt frá útihúsi BO-220:007. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt og engin ummerki sjást um mannvirkin en miðað við staðsetningu á túnakorti voru þau nálega þar sem stofnlínulögn mun liggja.

Í örnefnaskrá er getið um Tumatótt (BO-220:023) neðarlega í túni. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar tóftin var. Hún var þó neðarlega (sunnarlega) í túninu niður (þ.e. suður) af gamla bænum. Þegar faðir Jóns Björnssonar, bónda í Deildartungu, var að slétta tún á þessum slóðum á 7. áratug 20. aldar kom hann niður á grjóthleðslur og annað umrót í túninu á þessum slóðum. Þó að ekki sé hægt að staðsetja Tumatótt nákvæmlega er líklegast að hún hafi verið innan áhrifasvæðis stofnlínulagnar, líklega sunnan við lögnina.

Suðvestarlega í túni eru merktir tveir skurðir inn á túnakort frá 1918. Sá vestari sést enn en engin ummerki sjást um hinn austari. Ef staðsetning hans er áætluð út frá túnakortinu má ætla að stofnlínulögn muni liggja þvert á hann (BO-220:042).

Skammt frá norðurenda skurðar (BO-220:042) er merkt garðlag (BO-220:006) inn á túnakort frá 1918, hugsanlega hluti af túngarði. Engin merki sjást lengur um garðinn í sléttuðu túninu en ef miðað er við túnakortið hefur suðvesturendi hans náð inn fyrir jaðar áhrifasvæðis línulagnar.

Fjánhús úr torfi, grjóti og steypu (BO-220:023) var reist á tímabilinu 1920-1930 neðst (syðst) í túni Deildartungu. Ekki eru liðin 100 ár frá því húsin voru reist og teljast þau því ekki fornleif samkvæmt skilningi laganna. Þau var þó byggð skv. gamalli byggingarhefð og að hluta úr torfi- og grjóti og voru því skráð. Úr húsunum var rutt árið 1988 og aftur sléttað yfir svæðið nýlega. Húsin voru 20-30 m suðvestan við áætlaða miðlínu stofnlagnar.

Töluverð garðlög marka túnin í Deildartungu suðaustast (BO-220:046). Að hluta hefur verið girðing ofan á þeim en hún hefur nú vikið. Eftir stendur sæmilega staðilegur túngarður sem á köflum er alveg gróinn (en annars staðar sést vel í grjóthleðslur). Stofnlína mun skera tvö arma túngarðsins suðaustast.

Áætluð stofnlína mun liggja þvert á óljós ummerki fast austan við tún í Deildartungu (BO-220:045). Um er að ræða gróna rás eða dæld og hrygg vestan hans. Við fyrstu sýn mætti halda að þetta séu óljósar mannvistarleifar en þó má vera að um náttúruleg ummerki sé að ræða eða eftir umferð skepna. Um það verður hins vegar ekki skorið að svo stöddu og því var staðurinn skráður.

*Gröf/Gróf (BO-223)*

Allra austast á úttektarsvæðinu, áður en áætluð stofnlína sameinast aftur þjóðvegi, liggur hún um land sem áður tilheyrði jörðinni Gröf/Gróf sem nú er komin í eyði. Engar fornleifar voru þekktar á þeim kafla sem tilheyrði Gröf og engar fornleifar fundust við vettvangsgöngu á þessum slóðum.

## 5. Niðurlag

Í eftirfarandi töflu er tekinn saman fjöldi þeirra minjastaða sem eru í hættu vegna hvers framkvæmdaþáttar. Annars vegar minjar sem eru í stórhættu eða innan við 30 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðra stofnlínu. Hins vegar minjar sem eru í hættu eða í 30-70 m fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðra stofnlínu. Á þessum forsendum teljast 27 minjastaðir í stórhættu vegna framkvæmdanna, en minjastaðir 13 í hættu.

Stofnlína	MINJAR Í STÓRHÆTTU	MINJAR Í HÆTTU
	<b>Fjöldi fornleifa á 60 m belti (&lt;30 m frá miðlínu)</b>	<b>Fjöldi fornleifa á 60-140 m belti (30-70 m frá miðlínu)</b>
	<p><i>27 staðir</i></p> <p>MH-067:023            MH-067:024            MH-068:031            MH-068:032            MH-068:036            MH-068:043            BO-220:023            BO-220:006            BO-220:007            BO-220:010            BO-220:024            BO-220:037            BO-220:039            BO-220:040            BO-220:042            BO-220:044            BO-220:045            BO-220:046            BO-220:047            BO-220:048            BO-221:007            BO-221:010            BO-221:012            BO-221:016            BO-221:018            BO-221:021            BO-221:023</p>	<p><i>13 staðir</i></p> <p>MH-067:027            MH-067:028            MH-068:034            MH-068:044            MH-068:045            BO-220:008            BO-220:009            BO-220:027            BO-220:041            BO-220:043            BO-221:019            BO-221:020            BO-221:022</p>



Í töflunni hér að neðan má sjá hvaða minjastaðir það eru sem teljast í stórhættu eða hættu vegna framkvæmdanna, en “kennitölurnar” vísa til fornleifaskrárinnar hér að framan þar sem er að finna frekari upplýsingar um viðkomandi minjastaði.

### ***Mögulegar mótvægisáðgerðir***

Það er Fornleifaverndar ríkisins að skera úr hvaða mótvægisáðgerða kann að vera þörf vegna framkvæmdanna. Ljóst er að langflestar fornleifar eru í uppnámi þar sem áætluð stofnlínulögn er mun liggja í gegnum tún. Þessi svæði eru annars vegar Húsatún, þar sem beitarhús og fleiri minjar eru í landi Brekkukots og hins vegar heimatún Deildartungu þar sem fjöldi minja er þekktur. Á báðum stöðum verður einnig að teljast líklegt að áður óþekktar minjar kunni að koma í ljós við rask. Mun minni áhætta frá fornleifafræðilegu sjónarmiði, væri að leggja stofnlínu sunnan við bæði þessi tún, þó rétt sé að taka fram að það landsvæði var ekki til úttektar að þessu sinni.

Hægt er að grípa til ýmissa áðgerða vegna þeirra fornleifa sem teljast í hættu sökum nálægðar við stofnlögn og verða hér nefndar þær helstu.

- Nauðsynlegt er að merkja minjastaði sem eru við stofnlögn svo að þeir verði ekki skemmdir af vangá. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki af vangá við umferð vinnuvéla o.þ.h.
- Vakta þarf viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum, a.m.k. á meðan verið er að rjúfa svörð. Við því þarf að búast að fornleifar geti komið í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til vegarstæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.
- Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmdanna. Til þess þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Mörgum þeirra minjastaða sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda ætti að vera auðvelt að hlífa við raski þar sem staðsetning þeirra liggur fyrir.

Eins og greint hefur verið frá liggur fyrirhuguð stofnlína að hluta til um sléttuð tún, þar sem athafnasvæði hafa verið um aldir. Æskilegt væri að fornleifafræðingur vaktaði framkvæmdir í heimatúnum þannig að grípa megi til aðgerða komi áður óþekktar minjar í ljós.

## Heimildaskrá

Adolf Friðriksson, Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegar um Mávahlíð, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997.

Adolf Friðriksson, Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurveggar og Útnesveggar sunnan Fróðárheiðar, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997

BB I-III: *Byggðir Borgarfjarðar 3. Mýrasýsla og Borganes*. Búnaðarsamband Borgarfjarðar. Borganes 1989-1993.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

**ÍF I-:** Íslensk fornrit I-. 1933-. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

**JJ:** Jarðabók J. Johnsens. 1847. Kaupmannahöfn.

**JÁM:** Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. IV. bindi. 1925-1927. Kaupmannahöfn.

### Óútgefið efni:

#### *Þjóðskjalasafn Íslands*

Túnakort: Uppdrættir af tünnum í Stafholtshreppi 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort: Uppdrættir af tünnum í Reykholtisdalshreppi 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

#### *Örnefnastofnun Íslands:*

*Ö-Brekkukot AV:* Örnefnaskrá fyrir Brekkukot, viðbætur og athugasemdir eftir Laufeyju Hannesdóttur. 1971. Örnefnastofnun Íslands.

*Ö-Brekkukot:* Örnefnaskrá fyrir Brekkukot, upplýsingar veitti Hannes Jónsson. Ari Gíslason skráði. [ártal vantar]. Örnefnastofnun Íslands.

*Ö-Brúarreykir:* Örnefnaskrá Brúarreykja, 1932 og yfirfarið 1973. Ari Gíslason setti saman en Einar G. Pétursson endurskoðaði. Örnefnastofnun Íslands.

*Ö-Deildartunga:* Örnefnaskrá fyrir Deildartungu. Kristleifur Þorsteinsson, Þorsteinn Einarsson og Jón HAnnesson veittu upplýsingar. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

*Ö-Deildartunga AV:* Örnefnaskrá fyrir Deildartungu, athugasemdir og viðbætur. Björn Gíslason skráði. 1971. Örnefnastofnun Íslands.

*Ö-Lundar:* Örnefnaskrá Lunda eftir Geir Guðmundsson. Örnefnastofnun Íslands.

### Heimildamenn:

Bryndís Ó Haraldsdóttir	Brúarreykir
Jón Björnsson	Deildartunga
Ólöf Guðmundsdóttir	Brekkukot
Ragna J. Sigurðardóttir	Lundar

Kolbrún S. Árnadóttir  
Sigurbjörn Björnsson  
Sigríður Númadóttir


Gróf/Gröf  
Lundar  
Miðgarður

## Viðauki 1: Hnitaskrá á ISN93 formi


<i>Samtala</i>	<i>Longitude</i>	<i>Latitude</i>			
BO-220:006B	384786.23	465295.94	BO-220:009B	384548.76	465252.94
BO-220:007	384594.52	465328.48	BO-221:007	383499.27	465777.98
BO-220:008	384528.84	465283.12	BO-221:010A	383508.34	465781.13
BO-220:009	384513.06	465247.61	BO-221:010B	383528.86	465782.32
BO-220:010A	384559.81	465417.83	BO-221:012	383751.34	465754.9
BO-220:010B	384581.5	465503.62	BO-221:016A	383436.35	465961.01
BO-220:010C	384485.25	465349.78	BO-221:016B	383396.51	465898.69
BO-220:023	384666.51	465204.42	BO-221:016C	383423.34	465857.66
BO-220:024	384776.96	465167.73	BO-221:016D	383447.79	465824.13
BO-220:027	384500.04	465294.16	BO-221:016F	383392.76	465864.76
BO-220:037A	384465.72	465311.32	BO-221:018	382447.22	466161.6
BO-220:037B	384419.37	465331.64	BO-221:019	383202.04	465926.5
BO-220:038	384600.04	465435.78	BO-221:020	383639.51	465809.73
BO-220:039	384577.16	465363.78	BO-221:021	383542.66	465771.67
BO-220:040	384607.93	465306.39	BO-221:022	383545.62	465832.81
BO-220:041A	384636.14	465197.12	BO-221:023	383374.62	465822.95
BO-220:041B	384624.89	465146.23	BO-221:024A	383423.34	465854.11
BO-220:041C	384619.17	465133.61	MH-067:011	382055.51	466282.7
BO-220:042	384688.01	465186.47	MH-067:023	381850.58	466434.38
BO-220:043	383684.48	465718.61	MH-067:023A	381855.51	466438.52
BO-220:044A	383689.6	465714.86	MH-067:023B	381875.43	466459.82
BO-220:044B	383694.14	465715.26	MH-067:023C	381912.71	466496.51
BO-220:044C	383699.47	465715.85	MH-067:023D	381996.93	466580.13
BO-220:044D	383710.91	465716.44	MH-067:024	382111.13	466323.53
BO-220:044E	383721.16	465715.46	MH-067:024A	382069.71	466299.27
BO-220:044F	383742.66	465715.85	MH-067:024B	382036.77	466218.41
BO-220:044G	383755.09	465716.44	MH-067:024C	381956.7	466171.07
BO-220:045A	384829.62	465151.56	MH-067:024D	382022.97	466259.63
BO-220:045B	384832.58	465171.09	MH-067:024E	381984.31	466172.25
BO-220:045C	384831.4	465193.18	MH-067:025	382113.3	466143.85
BO-220:046A	384622.72	465173.45	MH-067:026	382134.4	466126.69
BO-220:046A	384788.2	465148.21	MH-067:027	382290.61	466381.91
BO-220:046B	384662.17	465155.11	MH-067:028	382252.55	466416.23
BO-220:046D	384834.95	465197.12	MH-068:031	380601.1	466855.08
BO-220:046E	384860.98	465219.01	MH-068:032	380930.09	466837.92
BO-220:046F	384885.05	465312.31	MH-068:034	380640.74	466922.34
BO-220:046G	384893.13	465352.35	MH-068:036	379964.42	467027.46
BO-220:046H	384784.46	465262.41	MH-068:036A	379987.5	467067.11
BO-220:046I	384774.4	465233.41	MH-068:036B	380016.69	467109.32
BO-220:046J	384746	465155.5	MH-068:036C	380021.23	467105.57
BO-220:047	384555.66	465343.08	MH-068:036D	380060.48	467076.18
BO-220:048A	384510.69	465449.38	MH-068:043A	379972.51	467018.59
BO-220:048B	384502.21	465498.1	MH-068:043B	380002.88	467019.77
BO-220:048C	384489	465475.42	MH-068:043C	380050.81	467022.73
BO-220:048D	384466.32	465452.34	MH-068:043D	380077.04	467030.03
BO-220:048E	384442.06	465425.72	MH-068:044A	380578.61	466940.09
BO-220:048F	384500.24	465412.11	MH-068:044B	380658.49	466878.75
BO-220:048G	384493.14	465392.58	MH-068:044C	380779.2	467018.19
BO-220:006A	384735.34	465254.12	MH-068:045	380204.26	466906.36

Kort 1: Yfirlitskort sem sýnir þann hluta stofnlínulagnar sem tekinn var út

- Hnit á minjastöðum
- Ráðgerð stofnlínulögn
- Garðlög
- Leiðir
- Skurðir og aðrar "negatíva" fornleifar
- Áætluð mörk túna og aðrar merkingar af túnakorti frá 1918



# Kort 2: Fornleifar við áætlaða stofnlínulögn í landi Lunda





.068036 .06843C

.068045

.068034  
.068044  
.068031

.068032

# Kort 3: Fornleifar við áætlaða stofnlínulögn í landi Brúarreykja



•221018

•067023

•067028

•067027

•067011

•067024a



•067024b

•067025

•067026



# Kort 4: Fornleifar við áætlaða stofnlínulögn í landi Brekkukots



# Kort 5: Fornleifar við áætlaða stofnlínulögn í landi Deildartungu



•220043  
220044

